IÐAN fræðslusetur
10 ára

Vor 2016

# SÍMENNTUN Í IÐNAÐI





iPad
09:41
SI
Samtök iðnaðarins
Verk- og tækninám
- nema hvað?
Byggingagreinar
Málm- og véltækni
Matvælagreinar
Handverksgreinar
Snyrtigreinar
Rafiðngreinar
Upplýsingagreinar
www.nemahvad.is

# INNGANGUR



Í ár fagnar IÐAN fræðslusetur 10 ára starfsafmæli sínu og verður tímamótanna minnst á margvíslegan hátt á afmælisárinu. Boðað verður til afmælisráðstefnu þann 4. maí, en á þeim degi fyrir áratug var stofnfundur IÐUNNAR einmitt haldinn. Við munum einnig bjóða félagsmönnum endurgjaldslaust á nokkur vel valin afmælisnámskeið sem auglýst eru sérstaklega í kaflanum Námskeið fyrir alla.

IÐAN stendur í fyrsta skipti fyrir örfræðslu í upplýsingatækni. Verður fræðslan öll í formi stuttra, hnitmiðaðra kennslumyndskeiða sem verða aðgengileg öllum félagsmönnum að kostnaðarlausu. Það eina sem þarf að gera er að skrá sig á póstlistann okkar. Ég vek einnig athygli á því að við munum reglulega draga út verðlaun fyrir áskrifendur á póstlistanum allt afmælisárið þannig að það er um að gera að vera með.

Eins og alltaf kennir ýmissa grasa í námsvísinum og hafa ný námskeið sjaldan eða aldrei verið fleiri. Námskeið sem boðið er upp á í fjarnámi hafa einnig aldrei verið fleiri og hvetjum við félagsmenn til að kynna sér þann kost.

Loks má geta þess að nemendur í ljósmyndun við Tækniskólann eiga nokkrar myndir í námsvísinum og eru þær afrakstur samstarfsverkefnis Tækniskólans og IÐUNNAR fræðsluseturs.

Bestu kveðjur,



Hildur Elín Vignir,
framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs.

EUROPEAN QUALITY MARK

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN



# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| **Gagnlegar upplýsingar** | **6** |
| **Fyrirtækjastyrkir IÐUNNAR fræðslusetur** | **7** |
| **Námssamningar og sveinspróf** | **8** |
| Árangursrík stjórnun | 8 |
| Að semja próf | 8 |
| Móttaka nema | 8 |
| **Náms- og starfsráðgjöf** | **10** |
| Náms- og starfsráðgjöf | 10 |
| Raunfærnimat | 10 |
| Sérúrræði í sveinsprófi og prófkvíði | 10 |
| Áhugasviðskönnun | 11 |
| Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki? | 11 |
| **Bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði** | **12** |
| Fjölorku ökutæki | 12 |
| Tjónaðir rafbílar | 12 |
| Rafbílar | 13 |
| Tæknienska bíla | 13 |
| Bilanir í rafstýrikerfum díselvéla | 14 |
| Lestur bilanakóða | 14 |
| Mælingar í rafbúnaði | 14 |
| Netkerfi | 14 |
| Verkstæði og rekstur | 15 |
| Viðgerðaráætlanir | 15 |
| Spraututækni | 15 |
| Plastviðgerðir | 15 |
| Suðunámskeið fyrir bifreiðasmiði | 16 |
| Málmsuðuþjálfun í fyrirtækjum | 16 |
| Burðarvirki ökutækja | 16 |
| Burðarvirkismæling, endurnýjun réttinda | 16 |
| Bensíninnsprautun | 17 |
| Ál í yfirbyggingum | 17 |
| Samsetningar - samskeyting | 17 |
| Hjólastilling | 17 |
| Hjólastilling stórra ökutækja | 17 |
| Hjólastilling, endurnýjun réttinda | 18 |
| Ökuritar | 18 |
| Smurefni - síur | 18 |
| Loftfrískunarkerfi | 18 |
| Bifhjól - Fjórhjól | 18 |
| Þekking á rafbílum | 19 |
| Erlendir viðgerðarmenn á bifreiðaverkstæðum | 19 |
| **Prentsmíð, prentun og bókband** | **20** |
| Ýmiss konar brot | 20 |
| Leturhönnun | 20 |
| Umbúðaferillinn frá A-Ö | 21 |
| Verkefnastjórnun I | 21 |
| Lífið eftir fertugt | 21 |
| Lakkefni í prentiðnaði | 21 |
| Nýtt líf eftir starfslok | 22 |
| Nýtt líf eftir starfslok - AKUREYRI | 22 |
| Er ég að rukka rétt fyrir vinnuna mína? | 22 |
| Umbúðir og grafík | 22 |
| Fræðsluvika í iðnaði | 22 |
| Acrobat Document Cloud | 23 |
| Adobe Muse I | 23 |
| InDesign flýtileiðir | 23 |
| Adobe Lightroom og myndasafnið | 23 |
| Adobe Premiere I | 24 |
| Adobe Premiere II | 24 |
| Excel og stafræn prentun | 24 |
| Hjálparforrit fyrir hönnuði | 24 |
| Húmor og hamingja á vinnustað – dauðans alvara | 24 |
| **Húsasmiðir, dúklagningamenn, húsgagnasmiðir, pípulagningamenn, málarar og múrarar** | **26** |
| Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingaframkvæmdir | 26 |
| Brunaþéttingar | 26 |
| Skyndihjálp | 27 |
| Hljóðvist í húsum | 27 |
| Raki og mygla í húsum I | 28 |
| Raki og mygla í húsum II | 28 |
| Frágangur rakavarnarlaga | 29 |
| Þök rakaástand og mygla | 29 |
| Loftun byggingahluta | 29 |
| Ábyrgð byggingastjóra | 29 |
| Gæðakerfi í byggingariðnaði | 30 |
| Gæðakerfi í framkvæmd | 30 |
| Framkvæmdir á ferðamannastöðum | 30 |
| Vottunarkerfi vistvænna bygginga | 30 |
| Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka | 31 |
| Úttekt gæðakerfa | 31 |
| Stjórnun á verkstað | 31 |
| Sketchup | 31 |
| Tilboðsgerð verktaka | 32 |
| Samskipti verktaka við hönnuði og byggingaryfirvöld | 32 |
| SIGA raka- vind- og vatnsvarnarlög | 32 |
| Hnífasmíði | 32 |
| Merking vinnusvæða | 33 |
| Þróun og saga bygginga og reglugerða | 33 |
| Virðisaukaskattur af byggingaframkvæmdum | 33 |
| Krefjandi viðskiptavinir | 33 |
| Trébátasmíði | 34 |
| Timburhús 1 | 34 |
| Viðhald og viðgerðir gamalla húsa | 34 |
| Trérennismíði | 34 |
| Sólpallar og skjólgirðingar | 35 |
| Viðgerðir trébáta | 35 |
| Verðskrá húsasmiða - uppmæling | 35 |
| Módelsmíði | 35 |
| Brunahólfandi innihurðir og glerveggir | 36 |
| Húsgagnagerð úr skógarefni | 36 |
| Vatnsúðakerfi - sprinkler | 36 |
| Þokukerfi - sprinkler | 36 |
| Afhending lagnakerfa | 37 |
| Varmadælur | 37 |
| Hefðbundinn stjórnbúnaður hitakerfa | 37 |
| Tilbúnar tengigrindur | 37 |
| Autodesk fyrir byggingamenn | 37 |
| Gaslagnir | 38 |
| Frágangur votrýma 1 | 38 |
| Frágangur votrýma 2 | 38 |
| Niðurlögn steinsteypu | 38 |
| Sandblástur og málun málma | 39 |
| Eldvarnir við kamínur og eldstæði | 39 |
| Oðrun (málun viðareftirlíkinga) | 39 |
| Almenn skreytimálun | 40 |
| Veggfóðrun | 40 |
| Torf- og grjóthleðslur | 40 |
| Skrúðgarðyrkja og byggingareglugerð | 40 |
| Raunkostnaður útseldrar þjónustu | 42 |
| Heit vinna | 42 |
| Öryggi og vinnuvernd | 42 |
| Málningaruppleysir | 42 |
| Vinnuvélanámskeið | 43 |
| Frumnámskeið | 43 |
| Byggingakranar | 43 |
| Körfukranar og spjót | 43 |
| **Matreiðslumenn, framreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn, bakarar og starfsfólk í ferðaþjónustu** | **44** |
| Pylsur | 44 |
| Súkkulaði | 44 |
| Vín og þjónusta | 45 |
| Vín og matur | 45 |
| Fæðuofnæmi og fæðuóþol - Vakinn | 46 |
| Brýnsla á hnífum | 46 |
| Hreinlæti – HACCP - Vakinn | 47 |
| Ostagerð | 47 |
| Þjónusta og samskipti á veitingahúsum | 47 |
| Menningarlæsi | 47 |
| Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki? | 47 |
| Vín I | 48 |
| Vín II | 48 |
| **Málmtækni, vélstjórn og blikksmíði** | **50** |
| Málmsuða - grunnur | 50 |
| Logsuða | 50 |
| Pinnasuða | 51 |
| Ál og álsuða | 51 |
| TIG-suða og kynning á plasmasuðu | 52 |
| Undirbúningur og stöðumat til vottunar í TIG-suðu | 52 |
| MIG/MAG suða | 52 |
| Undirbúningur og stöðumat til vottunar í MAG-suðu | 52 |
| Undirbúningur og stöðumat0 til vottunar pinnasuðu | 53 |
| Þjálfun til vottunar í logsuðu | 53 |
| Þjálfun til vottunar í álsuðu | 53 |
| Suðuþjálfun í fyrirtækjum | 53 |
| Soðið með þjörkum (róbótum) | 53 |
| Vökvatækni I – virkni vökvakerfa | 54 |
| Vökvatækni III – rekstur, viðhald og bilanagreining | 54 |
| Vökvatækni IV – vinnuvélar | 54 |
| Vökvatækni V – hönnun vökvakerfa | 54 |
| Þrýstiloftskerfi (loftstýringar) | 55 |

# EFNISYFIRLIT


Rennismíði og fræsing 55
CNC stýrðar iðnvélar 55
Kerrusmíði (málmsmíði) 55
Legur 55
Iðntölvustýringar 56
Efnisfræði málma,
óskaðlegar prófanir NDT 56
Kælitækni – áfylling á kælikerfi 56
Bilanagreining kælikerfa 56
Varmadælur – virkni, uppsetning,
stilling og viðhald 57
Stillingar loftræstikerfa 57
Kælitækni - vottun 57
Undirbúningsnámskeið
fyrir sveinspróf í vélvirkjun 57
Öryggismál 57
Autodesk Inventor 2016
Essentials – grunnnámskeið 58
AutoCAD 2016 & AutoCAD LT 2016
- grunnnámskeið 58
AutoCAD Electrical 2016 Essentials
(IEC Standard) - grunnur 58
AutoCAD Electrical 2016 Essentials
(IEC Standard) – framhald 58
Inventor 2016 „súper módel"
(Skeleton Construction) 59
Autodesk Revit Architecture 2016
grunnnámskeið „Essentials" 59
**Námskeið fyrir alla 60**
Að leiða breytingar 60
Byrjaðu í golfi 60
Öflugt sjálfstraust 61
Húmor og gleði í samskiptum 61
Betri fjármál fyrir þig 62
Verkefnastjórnun – fyrstu skrefin 62
Wordpress 62
Wordpress - framhald 62
Konfektgerð 63
Vaktavinna og lýðheilsa 63
Verkefnastjórnun - verkefnisáætlun 63
IÐAN í áskrift 63
Árangursrík framsögn og tjáning 64
Ferilskrár og kynningarbréf 64
Reiknað endurgjald 64
Virðisaukaskattur 64
Nýtt líf eftir starfslok 65
Nýttu iPadinn þinn betur 65
Skyndihjálp 65
Einfaldlega Mailchimp 65
Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki? 65
Einfaldlega Trello 66
Að njóta eða þrauka - uppeldi barna 66
Nýr stjórnandi – nýjar áskoranir 66
Tölvunámskeið 66
Afmælisleikur IÐUNNAR 66


# STARFSFÓLK IÐUNNAR


Arnar Þorsteinsson
Náms- og starfsráðgjöf


Birgir Hólm
Verkefnastjóri


Björg Kofoed-Hansen
Fræðslufulltrúi


Edda Jóhannesdóttir
Náms- og starfsráðgjafi


Erna G. Árnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi


Fjóla Hauksdóttir
Verkefnastjóri


Gústaf Adolf Hjaltason
Verkefnastjóri


Helen Williamsdóttir Gray
Rannsóknir og þróun


Helga Björg Hallgrímsdóttir
Fræðslufulltrúi


Hildur Elín Vignir
Framkvæmdastjóri


Iðunn Kjartansdóttir
Náms- og starfsráðgjafi


Inga Birna Antonsdóttir
Fræðslufulltrúi


Ingibergur Elíasson
Verkefnastjóri


Ingi Rafn Ólafsson,
sviðsstjóri prenttæknisviðs


Karitas Anna Vignir
Móttaka


Kristján Kristjánsson, sviðsstjóri
málm- og véltæknisviðs


Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri
bygginga- og mannvirkjasviðs


Ólafur Jónsson, sviðsstjóri
matvæla- og veitingasviðs


Ragnar B Ingvarsson,
sviðsstjóri bílgreinasviðs


Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi


Sigurður Fjalar Jónsson
Markaðsstjóri


Steinunn Guðjónsdóttir
Fjármálastjóri


Valdís Axfjörð
Fræðslufulltrúi


Þorgerður Jóhannsdóttir
Matráður


Þórey Thorlacius
Fjármálafulltrúi


IÐAN
fræðslusetur
Vatnagörðum 20
Sími 590 6400
idan@idan.is
www.idan.is

# Gagnlegar upplýsingar

## Býður IÐAN upp á náms- og starfsráðgjöf?

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda námi og starfi. Meðal annars er boðið upp á einstaklingsviðtöl, áhugasviðsgreiningu, ferilskrágerð, sérúrræði í sveinsprófi og raunfærnimat. Bókaðu viðtal með tölvupósti á netfangið radgjof@idan.is eða með því að hringja í 590 6400.

## Hvernig skrái ég mig?

Skráning á öll námskeið fer fram á vef IÐUNNAR www.idan.is, í tölvupósti til idan@idan.is eða í síma 590 6400. Á heimasíðu er einnig yfirlit yfir öll námskeið sem eru í boði á hverri önn.

## Hvar eru námskeiðin haldin?

Helstu kennslu- og námskeiðsstaðir eru: IÐAN fræðslusetur Vatnagörðum 20, Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Tækniskólinn, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Borgarholtsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, Listaháskóli Íslands, Reykjanesbær, Selfoss, Akranes, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Húsavík.

## Hvað kostar á námskeiðin?

Verð á námskeiðum eru alltaf tvö. Fullt verð greiða þeir sem ekki eru aðilar að IÐUNNI, þ.e. ekki er greitt af þeim í endurmenntunarsjóði IÐUNNAR (gjaldið er greitt af vinnuveitanda). Lægra verðið er fyrir þá sem greitt er af í endurmenntunarsjóði. IÐAN veitir upplýsingar um stöðu hvers og eins ef óskað er.

## Hverjir eru aðilar að IÐUNNI fræðslusetri?

Starfsmenn í viðkomandi iðngreinum sem greitt er af símenntunargjald. Gjaldið er greitt af vinnuveitanda í samræmi við kjarasamninga.

## Ég bý langt í burtu. Get ég fengið ferðastyrk?

Ferðastyrkur er eingöngu veittur vegna námskeiða hjá IÐUNNI. Greitt verður lægsta flugfargjald vegna ferðalags frá heimabyggð til námskeiðsstaðar. Ökutækjastyrkur er 7.000 kr. til þeirra sem búa í 40 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 11.500 kr. þeim til handa sem búa 120 km. eða lengra frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 17.000 kr. til þeirra sem búa í 250 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Athugið að þetta á einungis við um þá aðila sem greitt er af endurmenntunargjald.

## Hvað gerist ef ég forfallast?

Ef skráður þátttakandi mætir ekki og boðar ekki forföll með sólarhrings fyrirvara, áskilur IÐAN sér rétt til að krefja hann um helming af námskeiðsgjaldi. Ef þátttakandi þarf frá að hverfa vegna ófyrirsjáanlegra orsaka greiðir hann fyrir námskeiðið en getur lokið því næst þegar það er haldið sé laust sæti.

## Hvað með félagsmenn án atvinnu?

Félagsmönnum okkar sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum er bent á að athuga rétt sinn hjá Vinnumálastofnum áður en þeir koma á námskeið. Vinnumálastofnun styrkir þátttakendur til setu á námskeiðum IÐUNNAR.

## Hvað með eldri félagsmenn og öryrkja?

Félagsmenn sem komnir eru á eftirlaunaaldur eða eru öryrkjar geta sótt námskeið IÐUNNAR án þess að greiða námskeiðsgjald en eru beðnir að taka það sérstaklega fram við skráningu. Á ekki við um réttindanámskeið eða námskeið sem IÐAN kaupir af öðrum.

## Ert þú félagsmaður í Rafiðnaðarsambandinu?

Félagsmenn í Rafiðnaðarsambandinu geta sótt námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetri á félagsverði Rafiðnaðarskólans. Hafir þú áhuga á því að sækja námskeið, „þarft" þú að hafa samband við Rafiðnaðarskólann til að kanna rétt þinn og fá samþykki fyrir því að setja skólann sem greiðanda. Skráðu þig síðan á viðkomandi námskeið og reikningurinn verður sendur á Rafiðnaðarskólann sem síðan sendir þér reikning fyrir þínum hluta námskeiðsgjaldsins. Hið sama gildir um félagsmenn IÐUNNAR sem hafa áhuga á að sækja námskeið hjá Rafiðnaðarskólanum.

## Hefur þú áhuga á að ljúka iðnnámi í grein sem þú hefur starfað við?

**Ert þú 25 ára eða eldri og með 5 ára staðfestan vinnutíma í iðngreininni?**

IÐAN fræðslusetur býður upp á raunfærnimat sem metur þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast á vinnumarkaðnum á móti námi í viðkomandi iðngrein.

**Sendu fyrirspurn á radgjof@idan.is.**

# Fræðslustjóri að láni

**Settu fræðslumálin í markvissan farveg með þínu starfsfólki**



**Fáðu ráðgjafa sem er sérhæfður í fræðslu á vinnustöðum að láni í fyrirtækið þitt. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og gerir greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Út frá greiningunni er unnin fræðslu- og símenntunaráætlun sem leggur grunn að markvissri símenntun starfsmanna. Allar frekari upplýsingar á www.fraedslustjori.is.**

**Sótt er um verkefnið á vefnum www.attin.is.**

# Fyrirtækjastyrkir IÐUNNAR fræðsluseturs

### Réttur til styrkja

Fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til IÐUNNAR og eru í skilum, eiga rétt á að sækja fræðslustyrk vegna starfstengdra námskeiða. Almennt skal sótt um styrk áður en námskeið er haldið en styrkumsóknir eru ekki afgreiddar ef sex mánuðir eða lengra er liðið frá námskeiði. Fái fyrirtæki styrk eru ekki veittir einstaklingsstyrkir hjá því fyrirtæki fyrir sama námskeiði.

### Upphæð styrkja

Að jafnaði styrkir IÐAN 50% af kostnaði við fræðsluaðila vegna kennslu. Áskilinn er réttur til lægra hlutfalls styrks ef reikningur fræðsluaðila þykir óeðlilega hár í samræmi við kostnað hjá sambærilegum fræðsluaðilum eða ef verkefnin eru ekki eingöngu bein fræðsla eða þjálfun. Ekki er veittur styrkur vegna ferðakostnaðar, salarleigu eða veitinga. Virðisaukaskattur fræðsluaðila, þar sem hann er reiknaður, er undanskilinn í útreikningum.

### Hámarks upphæð styrkja

Styrkur til fyrirtækis getur orðið að hámarki 20% af greiddum iðgjöldum til IÐUNNAR á s.l. almanaksári. Styrkurinn skal þó ekki vera hærri en sem nemur 50% fræðslukostnaðar.

### Fylgigögn með umsókn

Umsókn er rafræn og sótt skal um á áttin.is. Ef ekki er búið að halda námskeiðið þarf að fylgja tilboð fræðsluaðila með upplýsingum um fræðsluna og áætlaðan markhóp (þ.e. hvaða starfsgreinar) innan fyrirtækisins. Þegar sótt er um námskeið, sem hefur verið haldið, þarf að fylgja afrit af reikningi fræðsluaðila ásamt lista yfir þátttakendur með nöfnum, kennitölum og stéttarfélagsaðild. Reikningur fræðsluaðila þarf að vera stílaður á kennitölu fyrirtækisins.

### Fræðslustjóri að láni

Óski fyrirtæki eftir að fá fræðslustjóra að láni skerðir greiðsluþátttaka í því rétt fyrirtækja til fræðslustyrkja til samræmis við þá hámarksupphæð sem fyrirtækið getur sótt um.

### Samvinna um umsókn

Fyrirtæki geta sótt um styrk til IÐUNNAR ein og sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, fræðsluaðila og/eða stéttarfélög sem aðild eiga að IÐUNNI í gegnum attin.is.



# Námssamningar og sveinspróf

IÐAN fræðslusetur hefur umsjón með gerð námssamninga og framkvæmd sveinsprófa fyrir hönd mennta- og menningamálaráðuneytisins í bygginga- og mannvirkjagreinum, matvæla- og veitingagreinum, málmiðngreinum, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, snyrtigreinum, hönnunar- og handverksgreinum og bíliðngreinum.

SVEINSPRÓFSNEFNDIR

## Árangursrík stjórnun

### Þegar tryggja skal gæði verkefna sveinsprófsnefnda

Markmiðið með námskeiðinu er að veita leiðsögn við að stjórna árangursríkum fundum og þar með verkefnum. Verkfæri markþjálfunar eru notuð til að fá hugmyndir og skoðanir allra fram í samræðum. Hér verða lykilatriðin tekin fyrir og stjórnandinn fær verkfæri til að undirbúa sig fyrir fundi og stýra verkefnum fundanna. Vinna eftir fundi og á milli funda er ekki síður mikilvæg og fjallað verður meðal annars um eftirfylgni og ábyrgðarsvið fundarmanna.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat.<br>Virk þátttaka á námskeiðinu. |
| **Kennari:** | ACC stjórnendamarkþjálfi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20<br>eða samkvæmt samkomulagi. |
| **Tími:** | Nánar auglýst síðar<br>eða eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 3 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 14.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **IÐAN fræðslusetur greiðir námskeiðsgjöld fyrir sveinsprófsnefndir.** |

SVEINSPRÓFSNEFNDIR

## Að semja próf

### Hér færðu að spreyta þig á prófagerð undir handleiðslu

Á námskeiðinu efla þátttakendur leikni og færni í aðferðum og verklagi við gerð prófspurninga með æfingum. Þegar próf er samið þarf m.a. að hafa í huga ólíkar gerðir prófatriða, sem hvert hefur sinn tilgang í ljósi markmiða og námsþátta (sbr. learning outcomes).

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Meyvant Þórólfsson, lektor. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 10.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **IÐAN fræðslusetur greiðir námskeiðsgjöld fyrir sveinsprófsnefndir.** |

ALLIR SEM TAKA Á MÓTI NEMUM Í VINNUSTAÐANÁM

## Móttaka nema

### Vel heppnuð móttaka er fjárfesting til framtíðar

Á námskeiðinu er aðferðum markþjálfunar beitt í því skyni að að efla meistara og tilsjónarmenn í að taka á móti nýnemum og fylgja þeim eftir þar til þeir hafa lokið þjálfun. Þátttakendur búa til áætlun yfir þjálfun nema frá fyrsta degi til loka þjálfunar, setja markmið og fylgja markmiðum og áætlun eftir. Fjallað verður um nærveru í þjálfuninni s.s. hvernig á að spyrja nema spurninga um efnið sem farið hefur verið yfir, fá nema til að taka ábyrgð á þjálfun sinni og skilja efnið.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | ACC stjórnendamarkþjálfi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 39.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **13.900 kr.** |



# Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu til að starfa í löggiltri iðngrein

IÐAN fræðslusetur liðsinnir einstaklingum sem hafa aflað sér starfsmenntunar á framhaldsskólastigi erlendis og starfsreynslu í eftirfarandi greinum samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið: *bíliðngreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málmiðngreinum, prentiðnaði, matvæla- og veitingagreinum, hönnunar- og handverksgreinum og snyrtigreinum.*

**Hvert á að senda umsóknir?**

Sá/sú sem óskar eftir að starfa á sviði löggiltrar iðngreinar hér álandi og hefur aflað sér starfsmenntunar í öðru landi sækir um viðurkenningu á menntun sinni og starfsreynslu. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda til IÐUNNAR fræðsluseturs, að undanskilinni menntun í rafiðnaði, en þær umsóknir skulu sendar til Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Umsóknareyðublöð ásamt frekari upplýsingum má finna á vef IÐUNNAR fræðsluseturs: www.idan.is/mat-a-nami-erlendis

**Svör til umsækjenda**

Eftir að starfsfólk IÐUNNAR fræðsluseturs hefur móttekið umsókn ásamt fylgigögnum er farið yfir gögnin og þau send ásamt umsögn til Menntamálastofnunar sem síðan sendir umsækjanda skriflegt svar við umsókninni.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði um menntun og starfsreynslu til starfa í iðngrein hér á landi gefur sýslumaðurinn á Seyðisfirði út sérstakt leyfisbréf því til staðfestingar.



# Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda námi og starfi. Meðal annars er boðið upp á einstaklingsviðtöl, áhugasviðsgreiningar, ferilskrárgerð, sérúrræði í sveinsprófi og raunfærnimat. Bókaðu viðtal á netfangið radgjof@idan.is eða í síma 590 6400.

## Náms- og starfsráðgjöf

Ert þú að velta fyrir þér námi eða starfi? IÐAN býður upp á margvíslega ráðgjöf um nám og störf ásamt raunfærnimati fyrir einstaklinga.

Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR er að veita einstaklingum margvíslegan stuðning og er markmið ráðgjafarinnar að stuðla að auknum árangri og vellíðan í námi og starfi.

Náms- og starfsráðgjöfin sinnir:

- Raunfærnimati
- Fyrirtækjaþjónustu
- Aðstoð við gerð ferilskrár
- Áhugasviðsgreiningar
- Námstækni
- Ráðgjöf um prófkvíða, streitu og sjálfstyrkingu
- Ráðgjöf um náms- og starfsval
- Sérúrræðum í sveinsprófi
- Kynningum á iðn- og starfsnámi
- Ráðgjöf við atvinnuleitendur

## Raunfærnimat

Raunfærnimat er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stytt nám og verið hvatning til að ljúka því. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru að jafnaði 25 ára aldur og 5 ára staðfest starfsreynsla. Þessi leið hefur skilað góðum árangri þar sem margir þátttakendur raunfærnimatsins hafa haldið áfram námi og lokið sveinsprófi að loknu matinu.

Frekari upplýsingar um raunfærnimat og næstu verkefni er hægt að nálgast á www.idan.is/raunfaernimat.

## Sérúrræði í sveinsprófi og prófkvíði

Einstaklingur sem óskar eftir sérúrræði í sveinsprófi skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa og skila inn greiningu eða vottorði frá þar til bærum sérfræðingi. Einnig býðst sveinsprófstökum að leita til náms- og starfsráðgjafa vegna undirbúnings sveinsprófa og prófkvíða.



## FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA IÐUNNAR

# Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IÐUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á vorönn 2016 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Einnig er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

**Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki**
***- það kostar ekki neitt!***

**Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða í gegnum netfangið idan@idan.is**




## Áhugasviðskönnun

IÐAN fræðslusetur býður upp á áhugasviðskönnunina STRONG sem er notuð til að hjálpa fólki við náms- og starfsval. Áhugasviðskönnun getur hjálpað við að kortleggja áhuga og starfsumhverfi. Grunnhugmynd STRONG er sú að fólk er ánægðara og duglegra í starfi ef það fellur að áhuga þess. Um er að ræða spurningalista sem fylltur er út og byggja niðurstöður á áhuga viðkomandi, ekki hæfni eða þekkingu.

**Ávinningur**:

- Þú færð að vita um störf og starfsumhverfi sem eru innan þíns áhugasviðs.
- Þú færð upplýsingar um námsleiðir sem gætu hentað þínu áhugasviði.
- Þú sérð hversu líkt eða ólíkt áhugasvið þitt er áhugasviði fólks í mismunandi störfum.
- Þú færð almennt yfirlit yfir áhugasvið þín.
- Eflir sjálfskoðun.

**Fullt verð:** 11.500 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 8.000 kr.**



# Bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði

ALMENNT

## Fjölorku ökutæki

Farið yfir þá orkugjafa sem nýttir eru eða hugsanlega verða nýttir í ökutækjum framtíðarinnar. Fjallað er m.a. um orkugjafana: rafmagn, vetni, metan, E85 og metanol. Hver áhrif þeirra eru á hreyfla og umhverfið ásamt vangaveltum um framtíðar möguleika þeirra. Einnig farið yfir hvernig samtvinnun tveggja eða fleiri orkugjafa í ökutækjum er háttað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Kristján Matthías Gunnarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 1. og þriðjudagur 2. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

ALMENNT

## Tjónaðir rafbílar

Hvar má nálgast upplýsingar um einstakar gerðir rafbíla og aðgerðir á þeim. Farið yfir öryggiskröfur um vörslu, umgengni og notkun hlífðar- og öryggisbúnaðar vegna háspennu og efnahættu af rafbifreiðum. Farið yfir aðkomu að árekstrarstað þar sem rafbíll á í hlut. Fjallað um flutning á tjónuðum rafbíl og geymslu. Skýrt hvernig gerð er athugun á ástandi háspennurafhlöðu, mat á aðgerðum og hvernig skuli staðið að því að taka rafhlöðuna úr bílnum. Hvernig er rafhlaðan búin til flutnings.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Ingibergur Elíasson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 2. og þriðjudagur 3. maí, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |



ALMENNT

# Rafbílar

### Tegundabundin umfjöllun

NÝTT NÁMSKEIÐ

Skoðaðir eru rafbílar frá Nissan og Renault. Gerð og virkni aflkerfa þessara algengu rafbíla. Farið er yfir virkni helstu íhluta og búnað rafbíla. Fjallað um uppbyggingu og virkni háspennurafgeyma og hvernig búnaðurinn starfar. Heimahleðsla og hraðhleðsla. Hvernig er hagkvæmast að reka og nota þessa bíla. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og fjallað um hættur við vinnu og viðhald rafbifreiða með sterkstraumsrafala og háspennurafgeyma.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Símon Ólafsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 11. og þriðjudagur 12. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

ALMENNT

# Tæknienska bíla

Skoðaður texti úr ýmiskonar lesmáli viðgerðaleiðbeininga og upplýsinga bæði á prenti og skjá sem varðar ökutæki og búnað þeirra. Farið yfir aðgengi að orðabókum, orðalistum, orðaskýringum o.þ.h. Þátttakendur skoða sérstaklega efni sem þá sjálfa varðar eða er úr daglegu umhverfi þeirra.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Hreinn Ágúst Óskarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFREIÐASMIÐIR OG BÍLAMÁLARAR

## Bilanir í rafstýrikerfum díselvéla

### Safngreina díselvélar (Common Rail)

Farið yfir virkni kerfa í safngreina díselvélum (Common Rail) og ýmis hugtök svo sem háþrýsting, lágþrýsting og mælieiningar. Hvernig hreinsibúnaður útblásturskerfa starfar; skömmtunarkerfi fyrir íblendiefni til hreinsunar útblásturs, sjálfvirk hreinsun sótagnasía og hvernig má handstýra hreinsun. Skoðun og prófun á forþjöppum, EGR ventlum og kælum. Staðsetning skynjara, mat, prófun og skipti. Vinnureglur varðandi bilanagreiningu og hvernig best er að skipuleggja slíka vinnu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Hreinn Ágúst Óskarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 86.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **22.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR

## Mælingar í rafbúnaði

### Notkun fjölsviðsmæla

Þátttakendur afla sér þekkingar á mikilvægi skipulags við bilanagreiningu í rafkerfum ökutækja og aðferðum þar að lútandi. Farið er yfir uppbyggingu og skipulag mælinga með áherslu á verkefnavinnu. Þátttakendur fá þjálfun í notkun helstu mæli- og greiningatækja sem notuð eru við prófanir og viðgerðir rafkerfa og raftækja. Fjallað er um álag, spennufall, leiðni og aðrar grunnmælingar í ökutækjum. Farið ítarlega yfir tenging mælitækja, aflestur og túlkun upplýsinga sem þau gefa til að lagafæra ökutækið. Þátttakendur geta komið með eigin mæla.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Halldór Hauksson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 7. og þriðjudagur 8. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennlustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR

## Lestur bilanakóða

### Skannar - OBDII

Farið er yfir tölvustýrikerfi hreyfla, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra og virkni kerfanna. Þátttakendum er kynnt úrval aflestrartækja fyrir OBDll, m.a. skanna fyrir stjórntölvur ökutækja. Hvernig eru tækin tengd og virkjuð, lesið af þeim og hvernig má nota upplýsingarnar sem þau gefa til að lagfæra ökutækið. Sérstaklega farið yfir atriði sem geta valdið skemmdum í tölvukerfum ökutækja. Farið yfir hvað bilanakóðar eru og hver merking þeirra er. Einnig skoðað hvernig AVO mæli má nota til að leita lausna á bilunum. Námskeiðið er að mestu verklegt. Þátttakendur geta komið með eigin skanna.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Halldór Hauksson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 25. – 28. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR

## Netkerfi

Viðfangsefnið er netkerfi sem starfa samkvæmt OBD ökutækjastaðli m.a. CAN-bus og gerð rafeindabúnaðar þeirra. Nemendur afla sér þekkingar á virkni rafeindabúnaðarins og tilgangi netkerfis í bílnum auk þess sem fjallað er um innbyrðis samskipti mismunandi kerfa. Ætlast er til þess að nemendur nái færni í notkun viðeigandi mælitækja, sveiflusjár og búnaðar við bilanagreiningu. Áhersla er lögð á verklegar æfingar og mat á niðurstöðum mælinga.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og stöðumat. |
| **Kennari:** | Kristján Matthías Gunnarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 22. – 25. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 86.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **22.500 kr.** |



ALMENNT

## Verkstæði og rekstur

### Betri og faglegri þjónusta

FJARNÁM Í BOÐI

Rætt um verkstæðisrekstur. Hvað þarf að fá út úr rekstrinum? Góða þjónustu, ánægða viðskiptavini og tekjur. Bílaframleiðendur hafa þróað kerfi sem eiga að hjálpa við að ná árangri í rekstri sem kynnt er á námskeiðinu. Skoðaður er hluti af þjónustu- og kaupalögum. Farið yfir nauðsyn þess að gera verksamning við viðskiptavini. Hvað þarf að hafa í huga þegar bíll er bókaður eftir viðgerð.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennari:** Magnús Halldórsson.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Mánudagur 8. og þriðjudagur 9. febrúar, kl. 17.00 – 21.00.
**Lengd:** 12 kennlustundir.
**Fullt verð:** 43.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.500 kr.**

ALMENNT

## Viðgerðaráætlanir

### Vinnuskipulag

NÝTT NÁMSKEIÐ

Fjallað um áætlanagerð og sundurliðun verkefna í viðgerðum á ökutækjum með tilliti til strangra krafa framleiðenda ökutækja um gæðatryggða verkferla og viðurkenninga um hæfni til að vinna tiltekin verk. Farið yfir skipulag vinnu og gerð kostnaðaráætlana bæði hvað varðar ökutækjatjón og viðgerðir. Gerð áætlun um vinnutíma einstakra verkþátta, bæði vegna beinna viðgerða og tengdra verkefna. Áætlanir um efnis- og varahlutaþörf og kostnað vegna þessa.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennari:** Valur Helgason.
**Akureyri:** Miðvikudagur 24. febrúar, kl. 9.00 – 17.00. Höldur hf.
**Reykjavík:** Miðvikudagur 2. og fimmtudagur 3. mars, kl. 17.00 – 21.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 43.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.500 kr.**

BÍLAMÁLARAR

## Spraututækni

Þátttakendur auka við þekkingu sína á mikilvægi skipulagningar við málningarvinnu og aðferðum þar að lútandi. Á námskeiðinu er fjallað um uppbyggingu skipulags við réttingar með tilliti til málunar með áherslu á verkefnavinnu. Skoðað hvernig skuli eiga við galla í lakki og á gildum OEM reglna. Þá verður fjallað um mikilvægi þess að gera þannig við tjónuð ökutæki að þau haldi framleiðsluábyrgð. Skoðuð notkun þurrefnisríkra efna ásamt færni í málun og blettun með rispufríum / harðgerðum efnum.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennari:** Agnar Hólm Kolbeinsson.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Laugardagur 21. maí, kl. 9.00 – 17.00.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 43.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.500 kr.**

BIFREIÐASMIÐIR OG BÍLAMÁLARAR

## Plastviðgerðir

Fjallað um ýmsa möguleika á mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar. Áhersla er lögð á verklegar æfingar og mat á árangri verkefna. Þátttakendur afla sér þekkingar á efnauppbyggingu hitafastra og hitadeigra plastefna og fá þjálfun í að greina plastefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Þátttakendur kynnast vali viðgerðarefna eftir gerð efnisins og munu að námskeiði loknu geta sett saman mismunandi gerðir plastefna með heitu lofti og ýmsum öðrum aðferðum.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennari:** Agnar Hólm Kolbeinsson.
**Akureyri:** Mánudagur 22. febrúar, kl. 9.00 – 16.00 og þriðjudagur 23. febrúar, kl. 8.00 – 16.00. Höldur hf.
**Reykjavík:** Mánudagur 21. mars, kl. 13.00 – 18. og þriðjudagur 22. mars, kl. 8.00 – 18.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Lengd:** 21 kennslustund.
**Fullt verð:** 86.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **22.500 kr.**



BIFREIÐASMIÐIR

## Suðunámskeið fyrir bifreiðasmiði

Námskeiðið er sérhannað fyrir bifreiðasmiði. Farið er yfir málmtegundir í ökutækjum, hvernig meðhöndlun þær hafa fengið í framleiðslu, hvernig á að sjóða saman, hvaða suðuvélar eru notaðar og fyrirmæli framleiðenda um hvað þarf til að viðhalda ábyrgð eftir viðgerð. Í yfirbyggingu ökutækja geta verið nokkur lög af mismunandi hertu stáli og aflögunarsvæði við árekstur eru á ákveðnum stað. Þetta þurfa bifreiðasmiðir að vita þegar skipt er um íhluti og þeir soðnir saman.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennarar:** Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Miðvikudagur 9. og fimmtudagur 10. mars, kl. 9.30 - 16.00.
**Lengd:** 22 kennslustundir.
**Fullt verð:** 43.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.500 kr.**

BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

## Málmsuðuþjálfun í fyrirtækjum

Kennari IÐUNNAR í málmsuðu kemur í fyrirtækið, metur þekkingu og leikni starfsmanna í þeim suðuaðferðum sem notaðar eru í bifreiðum. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur kennarinn prófið fyrir og kemur prófstykkjum til matsaðila. Markmið fer eftir kröfum og þörfum viðkomandi fyrirtækis. Heimsókn í samráði við viðkomandi vinnustað.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennarar:** Helgi Guðmundsson.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Auglýst síðar.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 43.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.500 kr.**

BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

## Burðarvirki ökutækja

Farið yfir undirstöðumælingar á burðarvirki ökutækja, rúðuskipti, samskeytingu íhluta og suðuaðferðir á nýjum efnum. Markmiðið er að öðlast leikni í að meta áverka á ökutæki út frá niðurstöðum mælinga og gera ástandsmat og verkáætlun í CABAS. Unnið er í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda. Þátttakendur afla sér þekkingar á að fylla út burðarvirkisvottorð sem staðfestir ástand burðarvirkis. Að námskeiði loknu er viðkomandi þátttakandi skráður á faggildingarlista rétthafa til útgáfu burðarvirkisvottorða hjá Samgöngustofu að undangenginni úttekt á vinnustað sínum.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og próf.
**Kennari:** Valur Helgason.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Miðvikudagur 17. og föstudagur 18. febrúar, kl. 8.30 – 16.00.
**Lengd:** 22 kennslustundir.
**Fullt verð:** 86.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **22.500 kr.**

BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

## Burðarvirkismæling, endurnýjun réttinda

FJARNÁM Í BOÐI

### Eru fimm ár frá síðasta námskeiði eða lengra?

Námskeið til endurnýjunar rétthafa til útgáfu burðarvirkisvottorða samkvæmt faggildingarlista Samgöngustofu; US.355 Hjólastöðu og burðarvirkisvottorð. Réttindi þarf að endurnýja á fimm ára fresti. Fulltrúar Samgöngustofu kynna breytingar sem orðið hafa á reglugerðum síðustu misserin og leiðbeinendur á sviði bílgreinarinnar fara yfir nýjustu tæknibreytingar í burðarvirki bíla. Að námskeiði loknu fá viðkomandi endurnýjaðan rétt til að fylla út burðarvirkisvottorð næstu fimm árin.

**Námsmat:** 100% mætingarskylda og símat.
**Kennari:** Valur Helgason.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Þriðjudagur 26. janúar, kl. 17.00 – 21.00.
**Lengd:** 5 kennslustundir.
**Fullt verð:** 21.500 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **6.500 kr.**



BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

# Hjólastilling

Á námskeiðinu verða skoðaðar ýmsar gerðir og útfærslur stýrisfjöðrunar- og hjólabúnaðar ökutækja. Farið yfir áhrif hjólhorna stýris og hjólabúnaðar á aksturseiginleika bifreiða. Gerðar verklegar æfingar í mati á stýris- og hjólabúnaði. Farið yfir hvernig skal undirbúa ökutæki og stilla því upp fyrir hjólastillingu. Hjólastilling skal vera í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda. Þátttaka á þessu námskeiði veitir skráningu á lista Samgöngustofu yfir þá sem mega gefa út hjólstöðuvottorð að undangenginni úttekt á vinnustað sínum. Til að öðlast réttindin þarf viðkomandi að sækja námskeiðið tiltekna tíma á fyrri hluta námskeiðsins, síðari hlutinn er fyrir þá sem vilja bæta við sig aukinni þekkingu á viðfangsefninu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Sveinbjörn Björnsson. |
| **Akureyri:** | Fimmtudagur 4. febrúar, kl. 13.00 – 18.00 og föstudagur 5. febrúar, kl. 8.00 – 18.00. |
| | Höldur hf. |
| **Reykjavík:** | Miðvikudagur 2. mars, kl. 13.00 – 18.00 og fimmtudagur 3. mars, kl. 8.00 – 18.00. |
| | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Lengd:** | 22 kennslustundir eða lengur. |
| **Fullt verð:** | 86.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **22.500 kr.** |

BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

# Hjólastilling stórra ökutækja

Á námskeiðinu verða skoðaðar ýmsar gerðir og útfærslur stýrisfjöðrunar- og hjólabúnaðar stórra ökutækja. Farið yfir áhrif hjólhorna stýris og hjólabúnaðar á aksturseiginleika stórra bifreiða. Gerðar verklegar æfingar í mati á stýris- og hjólabúnaði. Farið yfir hvernig skal undirbúa ökutæki og stilla því upp fyrir hjólastillingu. Hjólastilling gerð í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir eða lengur. |
| **Fullt verð:** | 21.500 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **6.500 kr.** |

Fylgdu okkur á
twitter
# idanfraedsla

BIFVÉLAVIRKJAR

# Bensíninnsprautun

Fjallað er um uppbyggingu og virkni eldsneytiskerfa (bensín og gas) í bifreiðum. Þátttakendur fá fræðslu um kerfin og lögð er áhersla á virkni búnaðarins og hvaða áhrif notkun mismunandi eldsneytis hefur á afköst og nýtni véla ökutækja. Farið er yfir notkun mæli- og prófunartækja. Þátttakendur afla sér þekkingar á virkni afgasmæla og notkun þeirra við greiningu á ástandi hreyfla og mati á niðurstöðum greininga. Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur þekkja virkni ólíkra eldsneytiskerfa.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Kristján M Gunnarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 30. og fimmtudagur 31. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFREIÐASMIÐIR

# Ál í yfirbyggingum

Farið yfir aðferðir við réttingu og viðgerðir álhluta í yfirbyggingum ökutækja; vélarhlífar, hurðir, lok o.fl. Samsetning og samskeyting álhluta. Suðuaðferðir, líming og hnoðun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFREIÐASMIÐIR

# Samsetningar - samskeyting

## Yfirbyggingar bifreiða

Farið yfir hvernig framleiðendur hafa samsetningu umskiptanlegra hluta límda, hnoðaða eða nota aðrar aðferðir en málmsuðu til að setja nýjan yfirbyggingarhlut í ökutæki. Skoðaðir eru ýmsir efnaflokkar líms, kíttis og þéttiefna og lista sem framleiðendur mæla með fyrir eigin tegundir ökutækja svo og hvar leita skuli upplýsinga um vinnuaðferðir við notkun þeirra. Farið yfir ýmis aðgæsluatriði við að setja saman nýja og notaða hluti í ökutæki.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar bílgreinasviðs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR – BIFREIÐASMIÐIR - BÍLAMÁLARAR

## Smurefni - síur

NÝTT NÁMSKEIÐ

Eiginleikar smurefna. Ýmsar gerðir smurefna og notkunarsvið. Staðlar yfir smurolíur, vökvakerfisolíur, smurfeiti og olíuefnavörur. Slit og rýrnun eiginleika olíu og smurefna við notkun. Kröfur um endurnýjun og hreinsun. Aðferðir við hreinsun olíu - síur. Geymsla og förgun olíu og smurefna.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR – BIFREIÐASMIÐIR

## Loftfrískunarkerfi

### Hitun – kæling - loftun

NÝTT NÁMSKEIÐ

Námskeiðið veitir réttindi til að vinna við loftfrískunarkerfi (AC) farartækja. Fjallað er um gerð og virkni loftfrískunarbúnaðar og það nýjasta á sviði þessa búnaðar. Farið yfir viðeigandi greiningartæki til lekaprófunar ásamt því að bilanagreina kælikerfi. Einnig þjálfun í að vinna við kælikerfi, hreinsa búnaðinn, áfylling kælimiðils og mæla þrýsting á kerfinu. Með þessu öðlast þátttakendur hæfni í að vinna við kælikerfi. Þeir fræðast jafnframt um varúðarreglur og öryggisbúnað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og próf. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 22 kennlustundir. |
| **Fullt verð:** | 86.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **22.500 kr.** |
| **Próf á vinnustað:** | **15.000 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR – BIFREIÐASMIÐIR

## Bifhjól - Fjórhjól

NÝTT NÁMSKEIÐ

Námskeiðið er fyrir bifvélavirkja til kynningar á viðhaldi og viðgerðum nokkurra hluta og kerfa algengra vélhjóla og fjórhjóla. Skoðað er sérstaklega öryggisbúnaður, rafbúnaður og aflrás þessara ökutækja og viðhald og hirða þeirra samkvæmt fyrirmælum framleiðenda. Einnig farið yfir þætti sem snerta skylduskoðun í samræmi við skoðunarhandbók.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

BIFREIÐASMIÐIR - BIFVÉLAVIRKJAR

## Hjólastilling, endurnýjun réttinda

### Eru komin fimm ár síðan?

FJARNÁM Í BOÐI

Námskeið til endurnýjunar fyrir rétthafa til útgáfu hjólstöðuvottorða ökutækja sem verið hafa tjónaskráð í ökutækjaskrá og við sérskoðun samkvæmt faggildingarlista Samgöngustofu; US.355 Hjólastöðu- og burðarvirkisvottorð. Réttindin þarf að endurnýja á fimm ára fresti. Fulltrúar Samgöngustofu kynna breytingar sem orðið hafa á reglugerðum síðustu misserin og leiðbeinendur á sviði bílgreinarinnar fara yfir nýjustu tæknibreytingar í hjóla- og stýrisbúnaði bíla. Að námskeiðinu loknu fá viðkomandi endurnýjaðan rétt til að fylla út hjólstöðuvottorð næstu fimm árin.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennari:** | Sveinbjörn Björnsson,<br>Samgöngustofa. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Miðvikudagur, 3. febrúar,<br>kl. 17.00 – 21.00 |
| **Námskeið 2:** | Miðvikudagur, 16. mars,<br>kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 21.500 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **6.500 kr.** |

BIFVÉLAVIRKJAR

## Ökuritar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Námskeiðið skiptist í nokkra þætti. Farið er ítarlega í virkni og prófanir ökurita og lestur aksturskorta. Farið yfir útfyllingar úttektar-blaða og merkingar ökurita. Farið verður yfir mælingar á W-púlsum frá drifbúnaði og snúningum á km., mælingar á ummáli hjólbarða og stillingu á K-gildi ökuritans. Fjallað verður um innsigli og um lög og reglur er fjalla um ökurita og notkun þeirra. Markmiðið er að auka þekkingu þátttakenda á uppbyggingu og virkni ökuritakerfa og gera þá hæfa til ísetningar og kvörðunar á ökuritum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

Fylgdu okkur á
facebook
# idanfraedslusetur

ALMENNT

## Erlendir viðgerðarmenn á bifreiðaverkstæðum

### Íslenska í vinnunni

NÝTT NÁMSKEIÐ

Umræður og lestur texta. Samskipti við viðskiptavini og vinnufélaga. Hvað þýða fyrirmæli og leiðbeiningar um verkefni í mæltu máli og í texta t.d. í verkbeiðnum. Hvaða hjálpartæki standa til boða: orðabækur, vefsíður orðasafna og tæknimála, vefsíður sem þýða texta. Dæmi um innihald þessa námskeiðs:

„Discussion and reading text. Communication with customers and colleagues. What do the instructions and guidelines for projects in speech and text such as in work orders. What aids are available: Websites lexica and technology, dictionaries."

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat. |
| **Kennarar:** | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

ALMENNT

## Þekking á rafbílum

FJARNÁM Í BOÐI

Skoðuð uppbygging kerfa blendings- og rafbifreiða. Farið yfir virkni helstu íhluta rafbúnaðar sem knýja ökutæki og hvernig þeir eru að því leiti frábrugðnir aflrás annarra ökutækja. Farið yfir uppbyggingu háspennurafhlöðu og hvernig rafbúnaðurinn starfar með venjulegum brunahreyfli. Lögð áhersla á öryggi og hættur sem eru til staðar við vinnu og viðhald bifreiða með sterkstraumsrafala og háspennurafgeyma.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mætingarskylda og símat |
| **Kennari:** | Rúnar Karl Kristjánsson |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 14. og þriðjudagur 15. mars kl. 17.00-21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 43.000 kr. |
| **Verð til aðila Iðunnar:** | **12.500 kr.** |





# Prentsmíð, prentun og bókband

NÁMSKEIÐ

## Ýmiss konar brot

NÝTT NÁMSKEIÐ

Bókbindarar fá reglulega fyrirspurnir um alls kyns afbrigði af brotum til að láta flókin prentverkefni ganga upp. Á þessu námskeiði mun Halvard Berntsen frá Noregi fara í gegnum all margar gerðir af afbrigðilegu broti. Kennslan verður bæði í fyrirlestraformi og verklegri kennslu. Kennt verður hjá IÐUNNI og í fyrirtæki.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Halvard Berntsen. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða prentfyrirtæki. |
| **Tími:** | Tilkynnt síðar. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 36.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.400 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Leturhönnun

NÝTT NÁMSKEIÐ

Bruno Maag er heimsþekktur leturhönnuður sem hefur hannað letur fyrir Microsoft, Amazon og fleiri stóra aðila. Hann fjallar í stuttu máli um feril sinn og vinnur með nemendum að þeirra eigin leturhönnun. Farið verður í teikningu leturforma og hvernig önnur form passa með. Einnig verður fjallað um mörkun (branding).

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Bruno Maag. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 8. febrúar, kl. 9.00 – 14.00. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 24.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.600 kr.** |



NÁMSKEIÐ

## Verkefnastjórnun I

NÝTT NÁMSKEIÐ

Námskeiðið er blanda af kennslu og vinnustofu. Farið er í gegnum grunnatriði og verkfæri verkefnastjórnunar. Lögð er áhersla á að þátttakendur fái sjálfir að beita verkfærum á raunhæf verkefni í litlum hópum. Með þessu móti er námskeiðið bæði lærdómsríkt og skemmtilegt á sama tíma. Markmiðið er að þátttakendur hafi tileinkað sér ákveðnar aðferðir verkefnastjórnunar að námskeiði loknu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Þór Hauksson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 22., 24. og 25. febrúar, kl. 9.00 – 13.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Lífið eftir fertugt

Lífið eftir fertugt getur verið snúinn tími en líka algjörlega frábær. Í mörgum tilfellum er fólk komið á betri stað með sín fjármál og börnin orðin eldri. Þá þarf að fara finna sér næstu viðfangsefni. Við ætlum að fá skemmtilega fyrirlesara og hafa góðar umræður um hluti eins og hreyfingu, kynlíf, tómstundir, fjármál og mat. Semsagt allt sem lífið hefur upp á að bjóða. Tilvalið fyrir pör að skrá sig saman en alls ekki skylda.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting |
| **Kennari:** | Ingi Rafn Ólafsson og fleiri. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagana 10. og 17. febrúar, kl. 18.00 - 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 27.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **6.300 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Umbúðaferillinn frá A-Ö

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið hentar vel viðskiptastjórum og öllum í raun sem vinna í prentsmiðju eða við að selja umbúðir og vilja betri skilning á umbúðaferlinu. Fjallað er um bylgju, pappa og plast. Tekin eru dæmi um vöru og þeim fylgt alla leið. Einnig er farið örlítið í hvað hefur áhrif á verð. Þar að auki verða skoðaðir möguleikar sem vélarnar bjóða upp á sem er gott að hugsa um þegar nýtt verk kemur í hús.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Elísabet Ýr Sigurðardóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 11. febrúar, kl. 9.00 – 12.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 15.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **3.500 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Lakkefni í prentiðnaði

Hérna er kynning á helstu lakkefnum sem notuð eru þessa stundina í prentiðnaði. Wim Busch kemur frá HiTech farfaframleiðandanum og er okkur að góðu kunnur. Á fyrri námskeiðum hefur hann farið í gegnum helsti gerðir lakkefna ásamt því að fara í gegnum þær nýjungar sem framundan eru eða nú þegar komnar á markað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Wim Busch. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 15. febr., kl. 9.00 – 13.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 15.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **3.500 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Nýtt líf eftir starfslok

Á þessu námskeiði verður fjallað um helstu breytingar sem fólk þarf að undirbúa sig undir til að njóta tímabilsins eftir að það lýkur störfum. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsufar, tómstundir, áhugamál og félagslíf. Námskeiðið er fjórir morgnar og að því koma ýmsir gestakennarar. Umsjónarmaður er Sigþrúður Guðmundsdóttir, markþjálfi og ráðgjafi og fyrrum mannauðsstjóri.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigþrúður Guðmundsdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | 19., 26. janúar og 2. og 9. febrúar, kl. 9.00 - 12.00. |
| **Námskeið 2:** | 23. febrúar, 1., 8. og 15. mars, kl. 9.00 – 12.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Nýtt líf eftir starfslok - AKUREYRI

Á þessu námskeiði verður fjallað um helstu breytingar sem fólk þarf að undirbúa sig undir til að njóta tímabilsins eftir að það lýkur störfum. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsfar, tómstundir áhugamál og félagslíf. Námskeiðið er fjórir morgnar og að því koma ýmsir gestakennarar. Umsjónarmaður er Sigþrúður Guðmundsdóttir, markþjálfi og ráðgjafi og fyrrum mannauðsstjóri.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigþrúður Guðmundsdóttir. |
| **Staðsetning:** | Skipagata 14, Akureyri. |
| **Tími:** | Föstudagarnir 4. og 11. mars, kl. 9.00 – 14.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 45.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **10.500 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Er ég að rukka rétt fyrir vinnuna mína?

### Að reikna „rétt“ verð

Þetta er námskeið fyrir einyrkja sem selja út sína vinnu og tæki. Kennt á forritið TAXTA sem gerir þátttakendum kleift að átta sig á einfaldan hátt á því hver raunkostnaður er að baki útseldri vöru og þjónustu. Taxti er líkan sem byggir á raunverulegum tölum um kostnað úr eigin rekstri. Þátttakendur munu að loknu námskeiði geta reiknað út verð á útseldri vinnu starfsmanna og vöruverð. Þátttakendur þurfa að koma með síðasta ársreikning úr eigin rekstri.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Eyjólfur Bjarnason og Ferdinand Hansen. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Tilkynnt síðar. |
| **Lengd:** | 10 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 30.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Umbúðir og grafík

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið hentar mjög vel grafískum hönnuðum. Farið er í nánari útskýringar á uppsetningu á grafík fyrir pappa, karton og plast, hvernig brotið er upp á umbúðir hvað snýr upp og hvað snýr niður, möguleikar í upphleypingum prentun og lakki. Einnig verða sýnd sýnishorn af umbúðum og fólki leyft að prófa sig áfram með samsetningu á mismunandi umbúðum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Elísabet Ýr Sigurðardóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 3. mars, kl. 9.00 – 13.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 15.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **3.500 kr.** |

NÁMSKEIÐ

# Prent-menntadagur á Akureyri

Föstudaginn 26. febrúar kl. 9.00 - 16.00 stendur IÐAN fræðslusetur fyrir röð námskeiða í Ásprenti á Akureyri. Námskeiðin spanna allar deildir fyrirtækisins og fengist verður við forvinnslu, prentun og bókband ásamt fleiru.

**Nánari upplýsingar á vef IÐUNNAR www.idan.is/akureyri**

NÁMSKEIÐ

## Acrobat Document Cloud

NÝTT / FJARNÁM Í BOÐI

Acrobat forritin hafa tekið töluverðum breytingum að undaförnu bæði í útliti og virkni. Á þessu námskeiði eru skoðaðar með æfingum ýmsar af þessum breytingum og við athugum hvort þær séu ekki til batnaðar. Þá verður athugað hvort ekki finnist einhverjar aðgerðir í forritinu sem við vissum ekkert um. Við kíkjum á hvað DC, Document Cloud stendur fyrir og kynnumst öryggislæsingu skjala, e-signature og samspili milli Acrobat og ýmissa annarra forrita. Þá verður fjallað um ýmislegt sem hefur breyst í viðmóti forritsins og hvernig má stilla það á einfaldan hátt til að gera þægilegri í notkun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurður Ármannsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 16. og fimmtudagur 18. febrúar kl. 13.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 36.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.400 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Adobe Muse I

NÝTT NÁMSKEIÐ

Muse vefsmíðaforritið frá Adobe er einstaklega kraftmikið og sérstaklega hugsað fyrir þá sem ekki vilja dýfa sér í forritunarkóða. Muse sér um að skrifa kóðann. Forritið er frábært til þess að gera fallegar vefsíður og lendingarsíður á fljótan hátt með flottum eiginleikum en á afar einfaldan hátt. Þeir sem kunna vel á InDesign og nokkuð í Photoshop eru með Muse komnir með frábært tól til þess að víkka þekkingu sína á sviði sem stöðugt er meiri þrýstingur á að nýta. Þetta námskeið kemur fólki fljótt og vel inn í helstu þætti forritsins og á eftir að koma mörgum á óvart hversu forritið er í raun og veru öflugt en þó einfalt í notkun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Ágúst Ævar Gunnarsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 5. - 7. apríl, kl. 17.00 - 21.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## InDesign flýtileiðir

NÝTT NÁMSKEIÐ

Hér fer kennari í gegnum hvernig best að nýta sér flýtleiðir inn í InDesign. Tilvalið fyrir þá sem hafa um árabil unnið í umbroti og hönnun og þrá að vinna hraðar og fá hugmyndir um hvernig hægt sé að nota forritið betur.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Pétur Marel Gestsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 7. mars, kl. 9.00 – 13.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.200 kr.** |

NÁMSKEIÐ

NÝTT NÁMSKEIÐ

## Adobe Lightroom og myndasafnið

Eins og nafnið gefur til kynna er hér á ferðinni námskeið þar sem lögð er áhersla á hvernig skipuleggja megi betur myndasöfn. Einnig er farið í myndvinnslu möguleika. Einnig verða sýndir möguleikar til þess að merkja myndir með meta tögum sem auðveldar leit seinna meir. Pétur Thomsen hefur yfirgripsmikla þekkingu á Lightroom til fleiri ára.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Pétur Thomsen. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 2. og þriðjudagur 3. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 36.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.400 kr.** |



NÁMSKEIÐ

## Adobe Premiere I

NÝTT / FJARNÁM Í BOÐI

Yfirferð á grunnþáttum og möguleikum fyrir mynd- og hljóðvinnslu í PremierPro CC. Nemendur læra að flytja inn myndbrot, gróf þekking á klippimöguleikum, bæta inn texta, tónlist og grafík. Kynntir möguleikar á tengingu við AfterEffects fyrir flóknari brellugerð. Kynning á hugtakinu „codec" og notkun MediaEncoder CC til að útbúa allskyns afhendingarskrár fyrir mismunandi miðla og áhorfstækni.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Konráð Gylfason. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 22., 23. og 25. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Adobe Premiere II

Framhald af Premiere I námskeiðinu þar sem bætt er við þekkinguna með vinnslu á bæði HD og 4K efni. Aukið við þekkinguna á „advanced" möguleikum í Premiere forritinu. Kynning á notkun Photoshop forritsins til að útbúa grafískar skrár fyrir klipp. Farið er yfir „Multi-Cam" klippingu, litaleiðréttingu, samsetningu, lokafrágang og afritunartöku.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Konráð Gylfason. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 18., 19. og 20. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Excel og stafræn prentun

NÝTT NÁMSKEIÐ

Stafræn prentun býður upp á mikla möguleika í persónumerktu prentverki. Microsoft Excel spilar stórt hlutverk í þessari vinnu. Á þessu námskeiði verður stuttlega farið í gegnum hvernig best er að nota Excel í þessu augnamiði.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Hrönn Jónsdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 10., 19. og 21. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.200 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Hjálparforrit fyrir hönnuði

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið á umfram allt á þetta að vera fróðlegt og skemmtilegt. Farið verður yfir nokkur forrit frá Adobe sem hægt er að hlaða niður ókeypis fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Þau virka alveg sem sjálfstæð forrit og enn betur sem hjálparforrit með Creative Cloud pakkanum. Við skoðum líka hvernig þessi forrit vinna með InDesign, Illustrator og Photoshop og hvaða breytingar hafa litið dagsins ljós í forritunum í beinu og óbeinum tengslum við smáforritin.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurður Ármannsson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 8. og miðvikudagur 9. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 36.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.400 kr.** |

NÁMSKEIÐ

## Húmor og hamingja á vinnustað – dauðans alvara

NÝTT NÁMSKEIÐ

Öll viljum við öðlast hamingju! Húmor er einstakt tæki til að auka hamingju okkar og það er afar áhrifaríkt að beita húmor í samskiptum ef hann er rétt notaður. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að húmor í daglegum samskiptum hjálpar fólki að takast á við allskonar uppákomur, leysa úr vandamálum og minnka streitu. Starfsánægja eykst þar sem fólk brosir og hlær saman. Að beita uppbyggilegum húmor styrkir einnig ónæmiskerfið og forvitnilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að húmor og hlátur lækni ótrúlegustu sjúkdóma. Góð heilsa er það sem flest okkar kjósa til að auka lífsgæði okkar. Við getum haft mikil áhrif á heilsufar okkar með því að rækta okkur sjálf og næra andann. Húmor í lífi og starfi er á allan hátt uppbyggilegur og nærandi.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Edda Björgvinsdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Tilkynnt síðar. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.200 kr.** |

## SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA

Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. **www.idan.is/postlisti**

5.2.16

# DAGUR ÍSLENSKS PRENTIÐNAÐAR

Fjöldi fyrirlestra og örnámskeiða um umbúðir, tækni, hönnun og handverk ásamt góðu blandi í poka frá kl. 15-18.

Skemmtun með léttum veitingum er frá kl. 18-20.

#dagurprents2016

dagur íslensks prentiðnaðar

www.idan.is/dagurprents

IÐAN fræðslusetur Grafía stéttarfélag Samtök iðnaðarins



# Húsasmiðir, dúklagningamenn, húsgagnasmiðir, pípulagningamenn, málarar og múrarar

BYGGINGAMENN

## Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingaframkvæmdir

### Áætlanir í byggingariðnaði

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir byggingamenn sem þurfa að gera öryggis og heilbrigðisáætlanir fyrir sína vinnustaði. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á gerð þessara áætlana og geti sjálfir gert þær að loknu námskeiði. Farið er í gegnum helstu þætti og kröfur sem gerðar eru til innihalds öryggis- og heilbrigðisáætlana.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Steinar Harðarsson,<br>vinnuverndarráðgjafi. |
| **Reykjavík:** | Þriðjudagur 16. febrúar, kl. 13.00 - 18.00.<br>IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Þriðjudagur 8. mars, kl. 13.00 - 18.00.<br>Skipagata 14, Akureyri. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Brunaþéttingar

FJARNÁM Í BOÐI

### Iðnmeistarinn er ábyrgur fyrir brunaþéttingum í sínu fagi

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að bygginga framkvæmdum. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunaþéttingar og efnum sem notuð eru til þeirra. Að loknu námskeiði fá þátttakendur viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun sem er samstarfsaðili um námskeiðið.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Guðmundur Gunnarsson,<br>fagstjóri eldvarna hjá Mannvirkjastofnun |
| **Reykjavík:** | Miðvikudagur 10. febrúar,, kl. 13.00 – 17.00 .<br>IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Fimmtudagur 7. apríl, kl. 13.00 – 17.00.<br>Skipagata 14, Akureyri. |
| **Vestmannaeyjar:** | Fimmtudagur 25. febrúar, kl. 8.30 – 12.30.<br>Strandgata 50, Vestmannaeyjum. |
| **Reykjavík:** | Fimmtudagur 28. apríl, kl. 13.00 – 17.00.<br>IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **3.000 kr.** |



BYGGINGAMENN

## Hljóðvist í húsum

### Frágangur húshluta

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta er námskeið fyrir fagmenn í byggingariðnaði sem starfa við frágang veggja, lofta gólfa og annarra byggingahluta. Markmið þess er að kenna þátttakendum réttan frágang og grundvallaratriði varðandi hljóðvist. Fjallað er um hljóðeinangrun, hljóðhöggeinangrun, hljóðísog, ómtíma og önnur atriði sem snerta hljóðvist. Farið er yfir frágang og notkun byggingarefna sem henta hverju tilfelli fyrir sig.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Steindór Guðmundsson,<br>hljóðverkfræðingur hjá Verkís. |
| **Reyðarfjörður:** | Fimmtudagur 17. mars,<br>kl. 13.00 - 18.00.<br>Austurbrú, Búðareyri 1, Reyðarfirði. |
| **Reykjavík:** | Fimmtudagur 31. mars,<br>kl. 13.00 - 18.00.<br>IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Skyndihjálp

### Hvað gerir þú ef slys ber að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla starfsmenn á byggingavinnustöðum. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífgunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossinum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Frá Rauða krossinum. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |



BYGGINGAMENN

## Raki og mygla í húsum I

**Að læra að þekkja og fyrirbyggja rakavandamál í húsnæði**

FJARNÁM Í BOÐI

Á þessu námskeiði verður fjallað um raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum. Markmið þess að að kenna þátttakendum að þekkja myglu og kynna þeim ráðstafanir gegn henni. Farið verður yfir helstu galla á byggingafræðilegum lausnum og helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Farið verður lauslega í loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingahluta. Fjallað verður um byggingaraka og greiningu rakaskemmda. Fjallað verður um lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Sylgja Sigurjónsdóttir, líffræðingur, CMI og CMRC vottun og Kristinn Alexandersson, byggingatæknifræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf. |
| **Reykjavík:** | Fimmtudagur 21. janúar, kl. 13.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Fimmtudagur 28. janúar, kl. 13.30 - 19.00. Skipagata 14, Akureyri. |
| **Selfoss:** | Fimmtudagur 4. febrúar, kl. 13.00 - 19.00. Austurvegur 56, Selfossi. |
| **Lengd:** | 9 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Raki og mygla í húsum II

**Hvernig á að losna við vandamálið?**

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta er framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Sylgja Sigurjónsdóttir, líffræðingur, CMI og CMRC vottun og Kristmann Magnússon byggingatæknifræðingur, mannvirkjahönnuður og húsasmíðameistari. |
| **Reykjavík:** | Fimmtudagur 11. febrúar, kl. 13.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Fimmtudagur 18. febrúar, kl. 13.30 - 19.00. Skipagata 14, Akureyri. |
| **Lengd:** | 9 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

HÚSASMIÐIR

## Loftun byggingahluta

### Til að hindra rakamyndun og myglu

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarhluta sem mynda ytra byrði húsa s.s. þaka og útveggja. Markmið þess er að fræða þátttakendur um loftun byggingahluta og hlutverk hennar við að hindra myndun raka og myglu. Fjallað er um raka í byggingum og byggingarefnum og farið í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingahluta.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Björn Marteinsson arkitekt og verkfræðingur og Jón Sigurjónsson, verkfræðingur.

**Reykjavík:** Föstudagur 1. apríl, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 2 .apríl, kl. 9.00 - 13.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Akureyri:** Föstudagur 16. apríl, kl. 13.30 - 17.30 og laugardagur 17 .apríl, kl. 9.00 - 13.00. Skipagata 14, Akureyri.

**Lengd:** 10 kennslustundir.

**Fullt verð:** 25.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.**

BYGGINGAMENN

## Ábyrgð byggingastjóra

### Gerir þú þér grein fyrir ábyrgðinni?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur. Markmið þess er að upplýsa þá um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjórar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld og farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Magnús Sædal Svavarsson , byggingatæknifræðingur og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Reykjavík:** Föstudagur 29. janúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 30. janúar, kl. 9.00 - 13.00.

IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Akureyri:** Föstudagur 26. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 27. febrúar, kl. 9.00 - 13.00. Skipagata 14, Akureyri.

**Lengd:** 12 kennslustundir.

**Fullt verð:** 45.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.**

HÚSASMIÐIR

## Frágangur rakavarnarlaga

### Gegn fúa- og mygluskemmdum

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarhluta sem mynda ytra byrði húsa s.s. þaka og útveggja. Markmið þess er að fræða þátttakendur um hlutverk og frágang rakavarnalaga og mikilvægi þess að rétt sé frá þeim gengið. Fjallað er um raka í byggingum og byggingarefnum, eiginleika og gerðir rakavarnalaga, límbönd, þéttiefni og frágang þeirra. Farið er í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingahluta. Ritið Frágangur rakavarnalaga frá NMÍ er hluti námskeiðsgagna.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Jón Sigurjónsson, verkfræðingur.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Fimmtudagur 18. febrúar, kl. 13.00 - 17.00.

**Lengd:** 5 kennslustundir.

**Fullt verð:** 20.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.**

HÚSASMIÐIR

## Þök rakaástand og mygla

### Loftun er málið

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta er námskeið fyrir alla sem vinna við nýsmíði og endurnýjun á þökum. Markmið þess er að kenna þátttakendum hvernig ganga á frá þökum þannig að þau fúni ekki eða skemmist af völdum myglusvepps. Farið er í helstu orsakir skemmda af völdum raka og hvernig best er að ganga frá loftun. Fjallað er um loftunarleiðir og frágang klæðninga og rakavarnar.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Björn Marteinsson arkitekt og verkfræðingur.

**Reykjavík:** Fimmtudagur 3. mars, kl. 13.00 - 17.00.

IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Akureyri:** Fimmtudagur 17. mars, kl. 13.00 - 17.00. Skipagata 14, Akureyri.

**Lengd:** 5 kennslustundir.

**Fullt verð:** 20.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.**

Fylgdu okkur á
facebook
# idanfraedslusetur

BYGGINGAMENN

# Gæðakerfi í byggingariðnaði

### Gæðakerfi SI

Þetta námskeið er fyrir alla stjórnendur, iðnmeistara, byggingarstjóra, hönnuði og eftirlitsaðila í mannvirkjagerð. Markmiðið er að þátttakendur kynnist kröfum um gæðastjórnun í Lögum um mannvirki og í kröfum opinberra verkkaupa. Þátttakendur kynnast og gera stuttar æfingar í gæðakerfi Samtaka iðnaðarins. Farið er í saumana á hugtökum gæðastjórnunar ásamt lögum og reglum og sýnt fram á ótvíræðan ábata þeirra sem tileinka sér aðferðafræði gæðastjórnunar. Ítarleg námskeiðsgögn með leiðbeiningum á mannamáli.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 4. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 5. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

# Gæðakerfi í framkvæmd

### Græðum á gæðum

Þetta námskeið er ætlað verktökum og fyrirtækjum í byggingariðnaði sem eru að innleiða gæðakerfi. Markmið þess er að kenna þátttakendum að nota gæðakerfið. Farið er í samninga byggingarstjóra og iðnmeistara, rýni gagna og útfærslu á gátlistum og eftirlitblöðum. Einnig áætlanagerð og beitingu gæðastýringar á verkstað, skráningu og úrlestur á frammistöðu í verkinu ásamt úrvinnslu athugasemda og frábrigða og vistun gagna

Námskeiðið byggir á raun aðstæðum, kröfum byggingarreglugerðar og forsendum gæðastjórnunar um innra eftirlit. Byggingarstjóri og iðnmeistarar á sama verki koma með teikningar og verklýsingar úr verkinu, sameiginlega rýna þeir gögnin, setja upp raunverulega áætlun um innra eftirlit og útbúa viðeigandi gátlista og skráningarblöð. Sem hluta af innra eftirliti verður leiðbeint við gerð hættumats og áhættugreiningar á verkinu eða tilteknum verkþáttum þess. Námskeiðið er áætlað 3 sinnum 4 klukkustundir auk heimavinnu í formi lesturs og áhorfs hljóðglæra. Tímalengd á milli námskeiðdaga fer eftir verkáætlun viðkomandi verks.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 27. janúar, 24. febrúar, 30. mars, 27. apríl og 25. maí. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

# Framkvæmdir á ferðamannastöðum

### Í faðmi náttúrunnar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að framkvæmdum við byggingar á ferðamannastöðum. Skoðaðar eru ýmsar útfærslur og hvernig hægt er að mynda gott samræmi milli bygginga, skjólgirðinga og nánasata umhverfis. Sérstaklega er fjallað um veðurfar en skjól er forsenda þess að góðir útivistardagar verði sem flestir. Farið er yfir útfærslu og smíði en sértaklega verður fjallað um palla, viðhald og stígagerð á ferðamannastöðum. Einnig er farið yfir helstu timburtegundir, festingar, undirstöður og frágang.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt og Kjartan Bollason umhverfis og ferðamálafræðingur. |
| **Reykjavík:** | Föstudagur 26. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 27. febrúar, kl. 9.00 - 15.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Föstudagur 11. mars, kl. 13.30 - 17.30 og laugardagur 12. mars, kl. 9.00 - 15.00. Skipagata 14, Akureyri. |
| **Lengd:** | 17 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 30.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **6.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

# Vottunarkerfi vistvænna bygginga

### Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta er námskeið fyrir fagmenn í byggingariðnaði sem ætla að reisa hús í samræmi við kröfur um vistvænar byggingar. Markmið þess er að kynna þátttakendum notkun á helstu vottunarkerfum við vistvænar framkvæmdir. Fjallað er um grundvallaratriði í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og helstu vottunarkerfi sem notuð er á þessu sviði. Einkum er stuðst við BREEAM vottunarkerfið. Farið er yfir hvernig er á kerfisbundinn hátt leitast við að hámarka notagildi og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með áherslu á orkumál, efnisval, staðarval og heilsuvernd.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Heiðdís Búadóttir öryggisstjóri BREEAM hjá Eykt. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 9. mars, kl. 13.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

### Fyrir rekstur í smáum stíl

Þetta námskeið er ætlað minni fyrirtækjum og iðnmeisturum sem starfa sem undirverktakar og/eða einyrkjar í bygginga- og mannvirkjagerð. Markmið þess er að kynna grundvallaratriði gæðakerfa. Farið er yfir kröfur til iðnmeistara um gæðastjórnun og gæðakerfi í mannvirkjalögum og byggingareglugerð og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Farið er yfir kröfur um hæfni iðnmeistara, samning á milli byggingarstjóra og iðnmeistara, innra eftirlit iðnmeistara og skráarvistun. Þátttakendur læra að leggja sjálfir drög að gæðakerfi sem uppfyllir þessar kröfur þar sem þátttakendur koma með dæmi um eigin verk. Þátttakendur geta mætt með eigin tölvur en boðið er upp á afnot af tölvum á staðnum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI. |
| **Reykjavík:** | Þriðjudagur 16. febrúar, kl. 13.00 - 18.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Akureyri:** | Þriðjudagur 1. mars, kl. 13.30 - 18.30. Símey, Þórsstíg 4, Akureyri. |
| **Selfoss:** | Þriðjudagur 15. mars, kl. 13.00 - 18.00. Austurvegur 56, Selfossi. |
| **Lengd:** | 7 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Úttekt gæðakerfa

### Virkni og viðhald

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er ætlað iðnmeisturum og fyrirtækjum í bygginga- og mannvirkjagerð sem hafa komið sér upp vottuðum gæða-kerfum. Markmið þess er að kenna þátttakendum hvernig virkni kerfanna er prófuð fyrir úttekt. Farið er í gegnum hefðbundið gæða-kerfi með tilliti til þess hvaða hlutir þurfa að vera í lagi þegar úttekt fer fram á kerfinu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Gunnar Jónatansson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 15. mars. kl. 13.00 - 18.00. |
| **Lengd:** | 7 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Stjórnun á verkstað

### Verkstjóranámskeið

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og starfsmenn verktaka-fyrirtækja sem stýra verkum eða hópum á byggingasvæði. Markmið þess er að efla stjórnendur í þeim verkefnum sem upp koma við byggingaframkvæmdir. Fjallað er um vinnu undir álagi, skipulag og ráðstöfun vinnutímans, hlutverk og ábyrgð stjórnandans. Farið er yfir samskipti og skipulag í verkefnum, utanumhald um samskipti í tölvupósti og helstu verkþætti í byggingarverkefnum. Einnig er fjallað um fundi og fundatækni, stjórnun, ritun og þátttaka á verkfundum. Leiðir til að auka skilvirkni funda, hvað á að rita og hverju á að sleppa. Ennfremur er farið í ýmis hjálpartól á netinu sem auðvelda mönnum samskipti og stjórnun á verkstað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Gunnar Jónatansson. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 19. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 20. febrúar, kl. 9.00 - 15.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 40.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Sketchup

### Teikniforrit fyrir alla – ókeypis á Netinu

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja rissa upp teikningar og setja upp í þrívídd. Teikniforritið SketchUp er ótrúlega einfalt í notkun og allir geta nálgast það ókeypis á Netinu. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði í notkun forritsins, helstu skipanir og aðgerðir. Á námskeiðinu eru unnin 3 einföld verkefni sem gefa góða mynd af notkun forritsins.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 29. janúar, kl. 13.00 - 18.00 og laugardagur 30. janúar, kl. 9.00 - 13.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

Fylgdu okkur á
twitter
# idanfraedsla

BYGGINGAMENN

## SIGA raka- vind- og vatnsvarnarlög

### Þétting byggingahluta

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir fagmenn sem eru að þétta byggingarhluta og ganga frá rakavörn. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um helstu nýjungar í þessum efnum frá SIGA.

Farið verður yfir vinnuaðferðir og eiginleika efna frá SIGA. Þátttakendur munu sjá myndbönd um aðferðir við þéttingar og munu prófa efnin á staðnum. Námskeiðið er haldið í samvinnu við BYKO og SIGA.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Arnar Snædahl, verkfræðingur og húsasmíðaveistari |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 26. janúar, kl. 13.00 - 17.00 |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | **Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.** |

BYGGINGAMENN

## Hnífasmíði

### Að smíða sín eigin áhöld

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að smíða hnífa og önnur áhöld. Markmið þess er að kenna þátttakendum smíði úr stáli og efnum í skefti og slíður. Þátttakendur fá hnífsblað (geta valið úr nokkrum gerðum), efni í skaft (einnig hægt að velja úr nokkrum viðartegundum) og leður í slíður. Blaðið er skeft og síðan er hnífurinn slíðraður þannig að menn fullklára hníf og slíðra á námskeiðinu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Páll Kristjánsson, hnífasmiður. |
| **Staðsetning:** | Álafoss Mosfellsbæ. |
| **Tími:** | Laugardagur 13. og sunnudagur 14. febrúar, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Tilboðsgerð verktaka

### Verkefnaöflun

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir verktaka og iðnmeistara sem gera tilboð í verk. Markmið þess er að kenna þátttakendum grundvallaratriði í tilboðsgerð. Fjallað er um útreikning og uppgjör á magntölum og helstu reglur sem um þær gilda. Farið er yfir raunkostnað við framkvæmdir og uppbyggingu einingaverða. Farið er yfir útboðsgögn og kynntur íslenskur staðall um tilboðsgerð og verksamninga. Þátttakendur fara í gegnum vinnuferli vegna tilboða og reikna til enda lítið tilboðsverkefni þar sem m.a. er unnið með verðbanka Hannarrs.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Þorsteinn Birgisson, rekstrartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 1. apríl, kl. 13.00 – 19.00 og laugardagur 2. apríl, kl. 9.00 – 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Samskipti verktaka við hönnuði og byggingaryfirvöld

### Betra samband

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og stjórnendur í byggingariðnaði sem þurfa að eiga samskipti við hönnuði og byggingaryfirvöld við byggingaframkvæmdir. Markmið þess er að auka hæfni þátttakenda til að eiga samskipti við þessa aðila. Farið er yfir hlutverk og ábyrgðarsvið hönnuða, hvers er hægt að ætlast til af þeim og hvernig þeim ber að skila af sér fullnægjandi hönnun. Einnig er farið yfir ábyrgð, skyldur og valdsvið byggingaryfirvalda og hvað þeim ber að gera.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Magnús Sædal Svavarsson, byggingatæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 9. mars, kl. 13.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |



BYGGINGAMENN

## Merking vinnusvæða

### Til að auka öryggi

Þetta námskeið er fyrir verktaka sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd vega- og gatnagerðarmannvirkja. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda skv. reglugerð nr. 492/2009, þannig að merkingar þessar séu samræmdar. Fjallað er um lög og reglugerðir, flokkun vega og gatna, umferðarmerki, umferðarstjórn. Einnig vinnusvæðið, umgengnisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit, rammareglur um merkingar vinnusvæðis, varnar- og merkingarbúnað, ljósabúnað, merkjavagna, vinnutæki og öryggisbúnað. Ennfremur um lagnavinnu og leyfisskyldar framkvæmdir á vegsvæðum, vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu. Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Opna háskólann í HR.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Björn Ólafsson, byggingaverkfræðingur og Ingvi Árnason, byggingatæknifræðingur |
| **Staðsetning:** | Háskólinn í Reykjavík. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 79.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **18.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Þróun og saga bygginga og reglugerða

### Byggingasaga

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir alla áhugamenn um sögu og þróun bygginga og byggingariðnaðar á Íslandi. Markmið þess er að kynna þátttakendum hvernig húsagerð og tækni hefur þróast í samræmi við kröfur byggingareglugerða hverju sinni. Farið er í gegnum þróun húsbygginga frá upphafi byggðar allt fram á 21. öld. Fjallað er um það hvernig breytingar hafa orðið vegna nýrra krafa og reglugerða sem setttar hafa verið.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Magnús Sædal Svavarsson, byggingatæknifræðingur og fyrrverandi byggingafulltrúi |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 4. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 5. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 38.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

IÐNMEISTARAR OG BYGGINGAFYRIRTÆKI

## Virðisaukaskattur af byggingaframkvæmdum

### Rétt skattskil

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og starfsmenn byggingafyrirtækja sem þurfa að ganga frá skilum á virðisaukaskatti. Markmið þess er að gera þátttakendum færa um framkvæma skattskil með fullnægjandi hætti. Farið er yfir helstu lög og reglugerðir sem varða virðisaukaskatt og fá þátttakendur svör við algengum spurningum sem varða framkvæmdina. Hvað er virðisaukaskattur og af hverju er hann reiknaður? Hvenær má nota innskatt og hvenær ekki? Hvað með rekstur bifreiða og virðisaukaskatt? Hverjir eiga að gera grein fyrir virðisaukaskatti og hverjir eru undanþegnir? Hvenær á að skila virðisauka og hverjar eru lágmarksfjárhæðir.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Katrín Helga Reynisdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 13. apríl kl. 13.00 - 19.00. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 22.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Krefjandi viðskiptavinir

### Betri samskipti

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og aðra stjórnendur í byggingariðnaði sem þurfa að eiga samskipti við verkkaupa, undirverktaka, hönnuði, byggingaryfirvöld o.fl. Markmið þess er að auka hæfni þátttakenda til að eiga samskipti við þessa aðila. Fjallað er um hvernig framkoma viðskiptavinar reynist þátttakendum erfiðust og hvers vegna. Einnig um styrkleika þátttakenda í ólíkum aðstæðum og möguleika á að yfirfæra styrkleika frá einum aðstæðum yfir í aðrar og mikilvægi þess að greina ástæður fyrir vandanum. Farið er yfir ýmsar leiðir til að halda jafnvægi og vera lausnarmiðaður í erfiðum aðstæðum og hvernig megi á kurteinslega hátt standa fast á sínu, leiða samtalið á yfirvegaðri braut, segja erfiða hluti eða hafna því sem óskað er eftir. Fjallað er um leiðir til að vernda sjálfan sig gegn ágengum einstaklingum og taka ekki ásakanir persónulega. Námskeiðið er byggt upp á innlögnum, raunhæfum dæmum, umræðum og markmiðasetningu þátttakenda.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 11. mars, kl. 13.00 – 17.00 og og laugardagur 12. mars, kl. 9.00 – 13.00. |
| **Lengd:** | 10 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

HÚSASMIÐIR - HÚSGAGNASMIÐIR

## Trébátasmíði

### Lifandi handverk – í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar

Þetta er grunnnámskeið um smíði trébáta. Fjallað er um gerðir trébáta og aðferðir sem notaðar eru við smíði og frágang á þeim. Farið er í gegnum grundvallaratriði í smíði og munu þátttakendur leggja kjöl og byrðing auk annarra verklegra þátta. Námsefni er m.a. Leiðarvísir að bátasmíði, tveir mynddiskar þar sem fylgst er með smíði báts frá kili að sjósetningu.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og Eggert Björnsson, bátasmiður.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Föstudagur 26. febrúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 27. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.

**Lengd:** 20 kennslustundir.

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.**

HÚSASMIÐIR

## Timburhús 1

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja afla sér aukinnar þekkingar á nýsmíði timburhúsa, t.d. sumarhúsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti smíðinnar og hvað ber að varast. Fjallað er um kröfur og stífleika og farið yfir álög. Kynntar eru mismunandi undirstöður fyrir staðbyggð timburhús. Þá er farið yfir vegg- og þakburðavirki, þéttleika, rakavarnarlög og frágang. Þetta er fyrra námskeið af tveimur.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Björn Marteinsson, verkfræðingur/arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Fimmtudagur 25. febrúar, kl. 13.00 - 18.00.

**Lengd:** 7 kennslustundir.

**Fullt verð:** 25.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.**

Fylgdu okkur á
facebook
# idanfraedslusetur

HÚSASMIÐIR

## Viðhald og viðgerðir gamalla húsa

### Réttindanámskeið

Þetta námskeið er fyrir alla sem ætla sér að vinna við viðhald og viðgerðir á gömlum timburhúsum. Fjallað er um undirstöður og burðarvirki og farið yfir frágang bæði utan- og innanhúss. Skoðuð eru gömul timburhús sem hafa verið endurbyggð. Þátttakendum er kennt að meta varðveislugildi húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim frá því þau voru byggð og hvernig staðið skuli að viðhaldi og viðgerðum á þeim. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Magnús Skúlason, arkitekt, Gunnþóra Guðmundsóttir arkitekt og Einar S. Hjartarson húsasmíðameistari.

**Reyðarfjörður:** Föstudagur 11. mars, kl. 13.00 - 18.00 og laugardagur 12. mars, kl. 9.00 - 16.00. Búðareyri.

**Reykjavík:** Föstudagur 8. apríl, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 9. apríl, kl. 9.00 - 16.00. Húsverndarstofa, Árbæjarsafni.

**Lengd:** 15 kennslustundir.

**Fullt verð:** 25.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.**

HÚSASMIÐIR - HÚSGAGNASMIÐIR

## Trérennismíði

### Við rennibekkinn

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að nota rennibekk við trésmíðar. Markmið þess er að kenna þátttakendum meðferð efnis og véla í vinnu við trérennismíði. Farið er í undirstöðuatriði varðandi notkun rennibekkja og verklegar æfingar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Félag trérennismiða.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Guðmundur Magnússon, húsamíðameistari og Magnús Kristmannsson, húsasmíðameistari og kennari við FB.

**Staðsetning:** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, verknámshús, Hraunbergi 8.

**Tími:** Föstudagur 19. febrúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 20. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.

**Lengd:** 20 kennslustundir.

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.**

HÚSASMIÐIR - HÚSGAGNASMIÐIR

## Sólpallar og skjólgirðingar

### Fyrir sumar og sól

Þetta námskeið er fyrir alla sem ætla sér að smíða sólpalla og skjólgirðingar. Skoðaðar eru ýmsar útfærslur og hvernig hægt er að mynda gott samræmi milli húss, palls og skjólgirðinga. Sérstaklega er fjallað um skjól sem er forsenda þess að góðir útivistardagar á pallinum verði sem flestir. Farið er yfir gerð grindarteikninga, útfærslu og smíði. Einnig er farið yfir helstu timburtegundir, festingar, undirstöður og frágang. Kennari er höfundur bókarinnar „Draumagarður“ sem er hluti námskeiðsgagna.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Föstudagur 15. apríl, kl. 13.00 - 17.00 og laugard. 16. apríl, kl. 9.00 - 13.00.

**Lengd:** 12 kennslustundir.

**Fullt verð:** 30.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.**

HÚSASMIÐIR - HÚSGAGNASMIÐIR

## Viðgerðir trébáta

### Að viðhalda handverki

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta er námskeið fyrir þá sem eiga trébáta og vilja halda þeim við. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við viðgerðir og viðhald á þeirra. Fjallað er um gerðir trébáta og grundvallaratriði í smíði og frágangi þeirra. Farið er í gegnum aðferðir við viðgerðir á helstu hlutum bátanna og hvernig gengið skuli frá þeim. Námskeiðið er aðallega verklegt og námsefni er m.a. Leiðarvísir að bátasmíði, tveir mynddiskar þar sem fylgst er með smíði báts frá kili að sjósetningu.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og Eggert Björnsson, bátasmiður.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Föstudagur 12. febrúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 13. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.

**Lengd:** 20 kennslustundir.

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.**

BYGGINGAMENN

FJARNÁM Í BOÐI

## Verðskrá húsasmiða - uppmæling

Þetta námskeið er fyrir alla húsasmiði sem starfa eða ætla sér að starfa í uppmælingu. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á grundvallaratriðum í uppmælingakerfinu. Farið er í gegnum helstu þætti kerfisins og lögð er sérstök áhersla á talningu verkþátta og smáatriði sem skipta máli í því sambandi. Einnig eru tekin dæmi um útreikning og uppgjör mælingarinnar.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Bragi Finnbogason og Sigurjón Einarsson, mælingamenn og húsasmíðameistarar.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Fimmtudagur 25. febrúar, kl. 13.00 - 18.00.

**Lengd:** 7 kennslustundir.

**Fullt verð:** 25.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.**

HÚSGAGNA- OG HÚSASMIÐIR

## Módelsmíði

### Líkön

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta er námskeið fyrir húsgagna og húsasmiði sem vilja læra að smíða líkön. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir og handbragð við smíði á módelum. Farið er í gegnum grundvallar-aðferðir í módelsmíði og efni og áhöld sem notuð eru til hennar. Á námskeiðinu verður smíðað líkan af trébáti.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Erling Andersen.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Föstudagur 11. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 12. mars, kl. 9.00 - 16.00.

**Lengd:** 20 kennslustundir

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.**



HÚSASMIÐIR - HÚSGAGNASMIÐIR

## Brunahólfandi innihurðir og glerveggir

### Með tilliti til bruna og hljóðs

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er fyrir trésmiði sem smíða og setja upp innihurðir og glerveggi. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á smíði, uppsetningu og frágangi brunahólfandi hurða og glugga og efnum sem notuð eru og því hlutverki sem þeir gegna í brunavörnum húsa og öryggi fólks. Húsasmíðameistarinn er ábyrgur fyrir uppsetningu þeirra og öllum frágangi. Farið verður yfir smíði brunahólfandi hurða, efnisval, þéttilista og frágang. Mismunandi gerðir eldvarnarglers og frágangur í ramma. Ísetningu hurða og val á hurðarlokara (pumpu). Hvernig hurðir og gluggar eru merktir.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 2. mars, kl. 13.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **3.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Húsgagnagerð úr skógarefni

### Skógarnytjar

Þetta námskeið er fyrir alla sem vilja læra hvernig hægt er að smíða úr því efni sem er að falla til við grisjun. Á námskeiðinu læra þátttakendur að nýta grisjunarefni í húsgagnagerð og aðrar hagnýtar nytjar, kynnast eiginleikum einstakra viðartegunda og nýtingu þeirra, setja saman kolla og bekki úr greinaefni og bolviði/skógarfjölum. Einnig kynnast þeir fersku og þurru efni og samsetningu þess og læra að afberkja, ydda, setja sama og fullvinna húsgögnin, yfirborðsmeðferð og fúavörn. Öll verkfæri og efni er til staðar en þátttakendur mæta í vinnufatnaði á námskeiðið. Allir fara heim með einn koll og bekk. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og Ólafur G.E. Sæmundsson, skógtæknir. |
| **Staðsetning:** | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum Ölfusi. |
| **Tími:** | Föstudagur 18. mars, kl. 16.00 - 19.00 og laugard. 19. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 14 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 24.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

PÍPULAGNINGAMENN

## Vatnsúðakerfi - sprinkler

### Réttindanámskeið

Námskeiðið er ætlað pípulagningamönnum með full sveins- og meistararéttindi og er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Farið er yfir hönnun vatnsúðakerfa, staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Einnig er farið yfir lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi. Öllum er frjáls þátttaka á námskeiðnu en einungis pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri hjá Mannvirkjastofnun, Ástvaldur Eiríksson hjá Eldvarnaþjónustunn og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 4. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 5. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

PÍPULAGNINGAMENN

## Þokukerfi - sprinkler

### Nýjungar í vatnsúðakerfum

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta er námskeið fyrir þá sem lokið hafa námskeiðinu Vatnsúðakerfi - sprinkler. Markmið þess er að kenna þátttakendum Farið er yfir hönnun vatnsúðakerfa, staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Einnig er farið yfir lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi. Öllum er frjáls þátttaka á námskeiðnu en einungis pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri hjá Mannvirkjastofnun og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 16. apríl, kl. 13.00 - 18.00. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

PÍPULAGNINGAMENN

## Afhending lagnakerfa

### Réttur frágangur

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta er námskeið fyrir pípulagningamenn sem vilja skila af sér lagnakerfum á réttan hátt. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti varðandi frágang og afhendingu lagnakerfa þannig að þau fullnægi kröfum byggingareglugerðar.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Sveinn Áki Sverrisson, véltæknifræðingur.

**Akureyri:** Fimmtudagur 10. mars. 13.30 - 18.30. Skipagata 14, Akureyri.

**Selfoss:** Fimmtudagur 25. febrúar, kl. 13.00 - 18.00. Austurvegur 56, Selfossi.

**Lengd:** 6 kennslustundir

**Fullt verð:** 22.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**

PÍPULAGNINGAMENN OG AÐRIR LAGNAMENN

## Varmadælur

### Lausnir fyrir köld svæði

Varmadælur geta sparað verulegan kostnað við kyndingu húsa á köldum svæðum. Á þessu námskeiði er í boði að afla sér þekkingar á varmadælum og notkun þeirra í byggingum. Farið er í uppbyggingu og gerðir varmadæla, tengingar, stillingar og lokafrágang. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Orkusetur og Verklagnir ehf.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Sigurður Friðleisson hjá Orkusetri, Þór Gunnarsson tæknifræðingur hjá Ferli, Gunnlaugur Jóhannsson pípulagningarmeistar og Pétur Kristjánsson ráðgafi

**Reykjavík:** Föstudagur 29. apríl, kl. 13.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Akureyri:** Föstudagur 26. febrúar, kl. 13.00 - 19.00. Skipagötu 14, Akureyri.

**Lengd:** 8 kennslustundir

**Fullt verð:** 20.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**

PÍPULAGNINGAMENN

## Hefðbundinn stjórnbúnaður hitakerfa

### Stýring hitakerfa

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn sem vilja afla sér þekkingar á mismunandi gerðum af vélrænum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi. Farið er í gegnum notkun á mismunandi gerðum lokum sem notaðir eru við þrýstistýringar, þrýstijafnarar, mótþrýstilokar, þrýstiminnkara og hitastýriloka. Kynntir eru helstu eiginleikar þessa búnaðar og hvað ber að hafa í huga við val á honum í hvert verkefni og stærðarákvörðun. Einnig verður fjallað um varmaskipta, hvað þarf að hafa í huga við val á þeim og hvernig stærðarútreikningar fara fram.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Benedikt Ingvason, pípulagningamaður og vélvirki.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Fimmtudagur 14. apríl, kl. 13.00 - 17.00.

**Lengd:** 5 kennslustundir

**Fullt verð:** 18.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**

PÍPULAGNINGAMENN

## Tilbúnar tengigrindur

### Uppsetning og frágangur

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn sem vilja læra rétta uppsetningu tilbúinna tengigrinda. Markmið þess er að þátttakendur geti sett upp og gengið frá tilbúnum tengigrindum á réttan hátt. Fjallað er um mismunandi gerðir tengigrinda og tengingu þeirra við kerfi hússins og stýringar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Danfoss.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennari:** Benedikt Ingvason, pípulagningamaður og vélvirki.

**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tími:** Þriðjudagur 23. feb. kl. 13.00 - 18.00.

**Lengd:** 6 kennslustundir.

**Fullt verð:** 22.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**




## Autodesk fyrir byggingamenn

IÐAN fræðslusetur er viðurkenndur kennsluaðili (ATC Authorized Training Center) fyrir Autodesk forrit og hefur um margra ára skeið boðið upp á námskeið í þeim meðal annars:

- *Autodesk Revit - AutoCad og AutoCad LT - Autodesk Inventor og AutoCad Electrical*

**Sjá nánar í kaflanum Tölvustudd hönnun á bls. 58 - 59.**

PÍPULAGNINGAMENN

## Gaslagnir

Þetta er námskeið fyrir pípulagningamenn sem vilja leggja gaslagnir með réttum hætti. Á námskeiðinu er fjallað um notkun á gasi í íbúðarhúsnæði, veitingahúsum, sumarhúsum og iðnaði. Kynnt efni til gaslagna, tenging röra og tækja. Farið í gastæki vegna suðu, upphitunar og geymslu á gasi. Á námskeiðinu er tekin fyrir TIG suða vegna stálröra.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Guðmundur Gunnarsson, verkfræðingur hjá Brunamálastofnun, Gústaf Adólf Hjaltason IWE suðutæknifræðingur, Þráinn Sigurðsson hjá GASTEC og Ágúst Ágústsson hjá Vinnueftirliti ríkisins. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 14. apríl, kl.1300 – 20.00 og föstudagur 15. apríl, kl. 9.00 – 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

MÚRARAR – VEGGFÓÐRARAR – PÍPULAGNINGAMENN OG HÚSASMIÐIR

## Frágangur votrýma 1

### Til að hindra vatnstjón

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við frágang votrýma til að hindra vatnstjón. Fjallað er um uppbyggingu votrýma og efni sem henta til þeirra hluta. Einnig er fjallað um frágang yfirborðs, þéttingar og þéttilög. Farið er í lagnaleiðir, frágang og þéttingar með lögunum, niðurföllum og hreinlætistækjum. Ennfremur er fjallað um viðahald á votrýmum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Jón Sigurjónsson verkfræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 19. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 20. febrúar, kl. 9.00 - 13.00. |
| **Lengd:** | 10 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

Fylgdu okkur á
twitter
# idanfraedsla

MÚRARAR – VEGGFÓÐRARAR – PÍPULAGNINGAMENN OG HÚSASMIÐIR

## Frágangur votrýma 2

### Til að hindra vatnstjón

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma og hafa lokið námskeiðinu Frágangur votrýma 1. Á þessu námskeiði er farið ofan í smáatriði varðandi uppbyggingu votrýma og frágang á þeim. Farið er yfir hvernig hver faggrein fyrir sig þarf að ganga frá svo að rýmið verði þétt og samhengið milli þess.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sérfræðingar um frágang votrýma. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 8. apríl, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 9. apríl, kl. 9.00 - 13.00. |
| **Lengd:** | 10 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

MÚRARAR OG HÚSASMIÐIR

## Niðurlögn steinsteypu

### Rétt vinnubrögð – grundvallaratriði í húsbyggingum

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla sem starfa við steypu. Hér afla þátttakendur sér þekkingar og skilnings á meðhöndlun og niðurlögn steinsteypu. Fjallað er um samsetningu og eiginleika steinsteypu, mótavinnu, niðurlögn og móttöku á byggingarstað. Farið er yfir eftirmeðhöndlun og vetrarsteypur og fjallað um afleiðingar rangrar meðhöndlunar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Steinsteypufélag Íslands.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Einar Einarsson, BM Vallá, Kai Westphal, Steypustöðinni og Helgi Hauksson, byggingaverkfræðingur. |
| **Reykjavík:** | Miðvikudagur 17. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Húsavík:** | Sjá www.idan.is. Nýja steypustöðin, Húsavík. |
| **Selfoss:** | Sjá www.idan.is. Austurvegi 56, Selfossi. |
| **Lengd:** | 5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |



MÁLARAR

## Sandblástur og málun málma

### Tæringarvarnir

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir málara sem ætla vinna við hreinsun og yfirborðsmeðhöndlun málma. Markmið þess er að kenna þátttakendum réttar aðferðir og efnisnotkun við þá vinnu. Fjallað er um málma og helstu eiginleika þeirra. Farið er yfir hvaða þættir hafa áhrif á tæringu og ryðmyndun og hvernig megi að koma í veg fyrir hana. Fjallað er um aðferðir við sandblástur og hreinsun og kynnt helstu tæki og notkun þeirra. Farið er yfir vinnuaðferðir við undirvinnu og yfirborðsmeðhöndlun og kynnt helstu efni.

**Námsmat:** 100% mæting.
**Kennarar:** Erlendir sérfræðingar.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Miðvikudagur 10. febrúar, kl. 15.00 - 19.00.
**Lengd:** 5 kennslustundir.
**Fullt verð:** **Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.**

MÚRARAR

## Eldvarnir við kamínur og eldstæði

### Opin eldstæði

Þetta námskeið er fyrir þá sem setja upp kamínur og opin eldstæði. Markmið þess er að kenna þátttakendum að ganga frá eldvörnum á réttan hátt. Fjallað er um hvernig kamínur og eldstæði eru byggð upp og helstu þáttum við hönnun þeirra. Farið er yfir efni og frágang þegar gengið er frá eldvörnum og aðgerðir til að hindra eldhættu.

**Námsmat:** 100% mæting.
**Kennari:** Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri hjá Mannvirkjastofnun.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Þriðjudagur 8. mars, kl. 13.00 - 17.00.
**Lengd:** 5 kennslustundir.
**Fullt verð:** 18.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.000 kr.**

MÁLARAR

## Oðrun (málun viðareftirlíkinga)

### Skreytilist

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir málara sem vilja læra gamlar málningaraðferðir sem voru mikið notaðar á fyrri hluta síðustu aldar en hurfu næstum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái góða þekkingu á aðferðum við viðaramálun. Fjallað er um stílbrigði og farið yfir litarefni, verkfæri og áhöld. Námskeiðið er að miklu leyti verklegt.

**Námsmat:** 100% mæting.
**Kennarar:** Engilbert Valgarðsson og Arnar Óskarsson málarameistarar.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Föstudagur 8. apríl, kl. 13.00 – 19.00 og laugardagur 9. apríl, kl. 9.00 – 16.00.
**Lengd:** 20 kennslustundir.
**Fullt verð:** 35.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **7.000 kr.**



MÁLARAR

## Almenn skreytimálun

### Skreytilist

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir málara sem vinna við fínvinnu innanhúss og vilja auka færni sína. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái góða þekkingu á aðferðum við skreytimálun. Farið er yfir málun mismunandi byggingahluta s.s. málun veggja, lofta, hurða og innréttinga. Fjallað er um ýmsar gerðir lasúrefna og hvernig framkvæma má mismunandi útfærslur t.d. með pensli, dumbkústi, vaskaskinni, plastfilmu og afþurrkun með tusku.Farið er yfir hvernig staðið er að gerð burðarefna skapalóns og styrkingu þess, skurð og mismunandi útfærslur. Kennslan er að mestu verkleg.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Engilbert Valgarðsson og Arnar Óskarsson málarameistarar. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 18. mars, kl. 13.00 – 19.00 og laugardagur 19. mars, kl. 9.00 – 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

## Torf- og grjóthleðslur

### Byggingaraðferð forfeðranna

Námskeiðið er ætlað öllum þeim er vilja læra hvernig hægt er að byggja úr torfi og grjóti. Hvort sem um ræðir veggi, kartöflukofa eða önnur smærri mannvirki. Þátttakendur fá innsýn í íslenska byggingararfleið og kynnast verklagi við byggingu úr hefðbundnu íslensku efni. Fjallað verður um íslenska torfbæinn, uppbyggingu hans, efnisval og framkvæmd. Einnig verður fjallað um hleðslu frístandandi veggja og stoðveggja úr torfi og grjóti. Lögð er áhersla á verklega kennslu. Hlaðinn verður veggur o.fl. á námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands. |
| **Staðsetning:** | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum Ölfusi. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 14 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

VEGGFÓÐRARAR OG DÚKLAGNINGAMENN

## Veggfóðrun

### Skreytilist

Þetta er námskeið fyrir þá sem ætla að setja upp veggfóður. Markmið þess er að kenna þátttakendum réttar aðferðir við veggfóðrun. Fjallað er um undirbúning, undirlag, límgerðir, merkingar, munstrun og máltöku. Farið yfir ýmsar veggfóðursgerðir, t.d. vefnaðarveggfóður, veggfóður úr plastefnum og pappír, korkog leðurveggfóður.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Guðmundur Rafnar Óskarsson, veggfóðrarameistari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Föstudagur 1. apríl, kl. 13.00 – 19.00 og laugardagur 2. apríl, kl. 9.00 – 16.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

SKRÚÐGARÐYRKJUMENN

## Skrúðgarðyrkja og byggingareglugerð

### Réttur frágangur

FJARNÁM Í BOÐI

Þetta er námskeið fyrir skrúðgarðyrkjumenn og aðra sem koma að skipulagningu og vinnu við lóðir. Markmið þess er að fræða þátttakendur um þau ákvæði byggingarreglugerðar sem snúa að frágangi lóða. Farið verður yfir þessa þætti reglugerðarinnar og leiðbeiningarrit frá Mannvirkjastofnun sem útskýra einstaka greinar. Allnokkuð hefur breyst frá fyrri byggingareglugerð, þar sem aukinn áhersla er lögð á aðgengi ýmiskonar og einnig hafa reglur verið hertar sem snúa að frágangi á lóðum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands. |
| **Staðsetning:** | Landbúnaðarháskóli Íslands, Keldnaholti. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 9.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **2.000 kr.** |

## SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA

Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. **www.idan.is/postlisti**

# Stórsýningin
# Verk og vit
# 2016

Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 3.–6. mars



Verk og vit 2016

www.verkogvit.is

## STÆRSTA SÝNING ÁRSINS

**Stórsýningin Verk og vit verður haldin í þriðja sinn dagana 3.-6. mars. Sýningin er sú stærsta á sínu sviði.**

**Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.**

**Verk og vit 2016: Sýning, ráðstefna og viðburðir.**

**Misstu ekki af glæsilegri sýningu!**

### OPNUNARTÍMI

**Fimmtudaginn 3. mars** kl. 17.00-20.00

**Föstudaginn 4. mars** kl. 11.00-19.00

**Laugardaginn 5. mars** kl. 12.00-18.00

**Sunnudaginn 6. mars** kl. 12.00-17.00

SAMSTARFSAÐILAR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

SI

LNS Saga

**Verk og vit** ■ Laugavegi 182 ■ 105 Reykjavík ■ sími 514 1430 ■ www.verkogvit.is

PORT hönnun

BYGGINGAMENN

# Raunkostnaður útseldrar þjónustu

### Að reikna „rétt" verð

Þetta er námskeið fyrir þá sem selja út vinnu, efni og tæki. Hér er m.a. kennt á forritið TAXTA sem gerir þátttakendum kleift að átta sig á einfaldan hátt á því hver raunkostnaður er að baki útseldri vöru og þjónustu. Taxti er líkan sem byggir á raunverulegum tölum um kostnað úr eigin rekstri. Út frá þeim reiknar TAXTI kostnað og nauðsynlegan hagnað af vöru og þjónustu. Þátttakendur munu að loknu námskeiði geta reiknað út verð á útseldri vinnu starfsmanna, verð á útseldri vélavinnu og vöruverð. Á námskeiðinu munu þeir flytja upplýsingar úr ársreikningum í TAXTA, fá tækifæri til að öðlast góða kostnaðarvitund, skilja forsendur verðmyndunar og hvernig hagnaður verður til. Þátttakendur þurfa að koma með síðasta ársreikning úr eigin rekstri og eru hvattir til að koma með eigin fartölvur en tölvur eru einnig í boði á kennslustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI og Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur. |
| **Akureyri:** | Þriðjudagur, 22. febrúar, kl. 13.30 - 18.30. Símey, Þórsstíg 4. |
| **Reykjavík:** | Þriðjudagur, 12. apríl, kl. 13.00 - 18.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Lengd:** | 7 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

BYGGINGAMENN

# Heit vinna

### Öryggi við eldfim störf

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna með opinn eld eða verkfæri sem gefa frá sér hita eða neista. T.d. þegar asfalt er brætt með gasloga, unnið er við málmsuðu eða með slípirokk, hitabyssu eða önnur hitatæki. Markmið þess er að þátttakendur öðlist hæfni til að vinna af öryggi með því að lágmarka áhættu. Fjallað erum eldfim efni og sprengifimt umhverfi og farið yfir brunavarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir til að hindra eldsvoða og slys við heita vinnu. Einnig kröfur til starfsmanna, hegðun elds og slökkvistarf og slökkvibúnað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Kristján J. Kristjánsson, SHS, Hlynur Höskuldsson, SHS og Steinn Harðarson, vinnuverndarráðgjafi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur, 6. apríl, kl. 13.00 - 18.00. |
| **Lengd:** | 7 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 18.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

MÁLARAR

# Málningaruppleysir

### Öryggi við meðferð og vinnu við eiturefni

Þetta námskeið er fyrir málara sem þurfa að meðhöndla málningaruppleysi við vinnu sína. Markmið þess er að kenna þátttakendum meðferð hans og merkingu á efnum. Farið er almennt yfir hættur sem stafa af eiturefnum, hvernig geymslur á slíkum efnum þurfa að vera o.fl. Persónuhlífar svo sem öndunargrímur og fleira sem þarf að hafa í huga við notkun málningaruppleysi. Námskeiðið veitir réttindi til þess að meðhöndla málningaruppleysi.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| **Staðsetning:** | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| **Tími:** | 10. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 41.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.000 kr.** |





# Vinnuvélanámskeið

**Námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið**

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

## Byggingakranar

### Réttindi á byggingakrana

Þetta námskeið veitir réttindi á byggingakrana. Hér er í boði þekking á helstu gerðum þessara tækja ásamt stjórnun og meðferð þeirra. Einnig er farið yfir vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum. Að lokinni verklegri þjálfun og verklegu prófi fá þátttakendur full réttindi til að stýra tækjunum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| **Staðsetning:** | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is |
| **Lengd:** | 30 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 41.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.000 kr.** |

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

## Körfukranar og spjót

### Réttindi á körfur og spjót

Þetta námskeið veitir réttindi á körfukrana og spjót, sem notuð eru í byggingaiðnaði. Markmið þess er að kenna notkun og meðferð þessara tækja á öruggan hátt. Hér er í boði þekking á helstu gerðum þessara tækja ásamt stjórnun og öryggi við notkun þeirra. Einnig er farið yfir vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum. Að lokinni verklegri þjálfun og verklegu prófi fá þátttakendur full réttindi til að stýra tækjunum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| **Staðsetning:** | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 20 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 35.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.000 kr.** |

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

## Frumnámskeið

### Réttindi á helstu gerðir vinnuvéla

Þetta námskeið veitir bókleg réttindi á lyftara með 10 tonna lyftigetu og minni, dráttarvélar með tækjabúnaði og minni gerðir jarðvinnuvéla (4 tonn og undir), körfukrana, steypudælur, valtara, útlagningarvélar fyrir bundið slitlag og hleðslukrana á ökutækjum með allt að 18 tm lyftigetu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| **Staðsetning:** | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| **Tími:** | 16. - 18. febrúar, kl. 9.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 30 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 41.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **8.000 kr.** |



# Matreiðslumenn, framreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn, bakarar og starfsfólk í ferðaþjónustu

MATREIÐSLUMENN – BAKARAR - FRAMREIÐSLUMENN

## Pylsur

NÝTT NÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að þjálfa þátttakendur í pylsugerð. Farið er yfir vinnuferlið frá vali á hráefni, farslögun, sprauta faris í garnir, sjóða og kæla. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og hreinlæti. Á námskeiðinu verða lagaðar lamba og kjúklingapylsur og unnið er með náttúru- og gervigarnir. Verklegar æfingar.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat. |
| **Kennari:** | Örlygur Ásgeirsson. |
| **Staðsetning:** | Hótel- og matvælaskólinn. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 3. febrúar, kl. 16.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 19.500 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **9.500 kr.** |

MATREIÐSLUMENN

## Súkkulaði

### Temprun á súkkulaði, konfekt og skreytingar

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu þátttakenda á mismunandi tegundum súkkulaðis og temprun þess. Þátttakendur framleiða konfekt úr fyrsta flokks hráefni sem tilheyrir framleiðslu á konfekti, eftirrétti og skreytingar með súkkulaði.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat. |
| **Kennari:** | Ásgeir Þór Tómasson. |
| **Staðsetning:** | Hótel- og matvælaskólinn. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 9. mars, kl. 15.00 - 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 32.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **10.500 kr.** |



STARFSFÓLK Í VEITINGAHÚSUM

## Vín og þjónusta

### Vínfræði og þjónusta gesta

NÝTT NÁMSKEIÐ

Námskeiðið er tvískipt. Í fyrri hlutanum er markmiðið að efla þekkingu þátttakenda á vínum og samhengi þeirra við hina ýmsu matrétti. Þátttakendur velja vín með ólíkum smáréttum og rökstyðja val sitt með þessum réttum. Í seinni hluta námskeiðsins er lögð áhersla á þjónustu við gestinn, framreiðslu og samskipti.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og símat. |
| **Kennarar:** | Dominque Pédel Jónsson og Trausti Víglundsson. |
| **Akureyri:** | Miðvikudagur 24. og fimmtudagur 25.febrúar, kl. 14.00 – 17.00. Verkmenntaskólinn á Akureyri. |
| **Reykjavík:** | Þriðjudagur 12 og miðvikudagur 13. apríl, kl. 14.00 – 17.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Lengd:** | 8 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 20.100 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **10.500 kr.** |

FRAMREIÐSLUMENN OG MATREIÐSLUMENN

## Vín og matur

### Vín- og matseðlar, aukin upplifun á vínum

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínum og samhengi þeirra við hina ýmsu matrétti. Vín- og matseðlar verða skoðaðir og metnir. Áhersla verður lögð á uppbyggingu vínseðla eftir veitingastöðum og áherslum þeirra. Þátttakendur velja vín með ólíkum smáréttum og rökstyðja val sitt með þessum réttum. Áherslan er að auka þekkingu á fjölbreytileika vína, að prófa nýjar leiðir og þjálfa færni fagmanna til þess að auka á upplifun gestsins.

Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og símat. |
| **Kennari:** | Dominique Pédel Jónsson. |
| **Staðsetning:** | Hótel Natura. |
| **Tími:** | Mánudagur 29. febrúar, kl. 14.00 – 18.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |



STARFSFÓLK Á VEITINGAHÚSUM OG MÖTUNEYTUM

# Fæðuofnæmi og fæðuóþol - Vakinn

### Áttu eitthvað annað, ég er með ofnæmi!

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á fæðuofnæmi og fæðuóþoli, einkennum þeirra og meðferð. Greint verður frá helstu fæðuofnæmisvökum og fjallað um úrræði hvað varðar fæðismeðferð og matreiðslu. Fjallað verður um reglur um merkingu matvæla, vöruúrval fyrir fólk sem er með fæðuofnæmi og farið yfir þá þætti sem hafa þarf í huga við matreiðslu fyrir fólk með fæðuofnæmi. Uppskriftir verða skoðaðar og verður aðaláherslan lögð á matreiðslu fyrir fólk með ofnæmi fyrir mjólk, eggjum og hveiti (glúteni).

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og síma. |
| **Kennarar:** | Marína Sigurgeirsdóttir og fl. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 9.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.900 kr.** |

MATREIÐSLUMENN

# Brýnsla á hnífum

### Brýnsla og skerping á kokkahnífum í samstarfi við Progastro

Markmið námskeiðsins er að auka leikni þátttakenda við að brýna hnífa með japanskri aðferð. Farið verður yfir meðferð á hnífum. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur komi með tvo til þrjá hnífa 15 – 20 sm. langa á námskeiðið. Best er að koma með Santoku eða Chef's hnífa. Brýningarsteinn fylgir með námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Progastro.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Bit próf. |
| **Kennari:** | Óskar Kettler. |
| **Reykjavík:** | Þriðjudagur 19. janúar,<br>kl. 18.00 – 20.00.<br>Progastro, Ögurhvarf 2. |
| **Reykjavík:** | Miðvikudagur 20. janúar,<br>kl 18.00 – 20.00.<br>Progastro, Ögurhvarf 2. |
| **Akureyri:** | Miðvikudagur 24. febrúar,<br>kl. 15.00 – 17.00.<br>Verkmenntaskólinn á Akureyri. |
| **Akureyri:** | Miðvikudagur 24. febrúar,<br>kl. 18.00 – 20.00.<br>Verkmenntaskólinn á Akureyri. |
| **Lengd:** | 3 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 10.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **5.000 kr.** |

STARFSFÓLK Í VEITINGAHÚSUM, MÖTUNEYTUM OG BAKARÍUM

## Þjónusta og samskipti á veitingahúsum

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu starfsfólks á mikilvægi þess að veita góða þjónustu og selja veitingar og aðra þjónustu hússins. Þekking er efld á mikilvægi persónulegs hreinlætis og snyrtimennsku við þjónustustörf og skilningur aukinn á mikilvægi hópvinnu og samstöðu á vinnustað. Starfsfólk eykur leikni sína í faglegum vinnubrögðum við móttöku gesta og allri þjónustu við þá. Þjálfuð er leikni í sölu og söluferli, að taka á móti pöntunum, útskýra matseðil o.s.frv.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og símat. |
| **Kennari:** | Hallgrímur Sæmundsson. |
| **Staðsetning:** | Í fyrirtækjum. |
| **Tími:** | Eftir samkomulagi |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 9.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.900 kr.** |

STARFSFÓLK Í FERÐAÞJÓNUSTU

## Menningarlæsi

### Margbreytileiki ferðamanna

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á sérkennum og margreytileika mismunandi þjóða og svæða. Fjallað verður m.a. um ólík trúarbrögð, mismunandi samskiptareglur og samskiptaform. Áhersla er lögð á að upplýsa um hindranir og misskilning sem upp geta komið í samskiptum manna á milli og reynt að draga lærdóm af því. Þátttakendur þjálfast að taka á móti gestum af ýmsu þjóðerni og öðlast þekkingu á mismunandi menningarheimum og margbreytileika þjóða.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og símat. |
| **Kennari:** | Hallfríður Þórarinsdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 9.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.900 kr.** |

STARFSFÓLK Í VEITINGAHÚSUM, MÖTUNEYTUM OG BAKARÍUM

## Hreinlæti – HACCP - Vakinn

Markmið námskeiðsins er að efla innra eftirlit í eldhúsum s.s. meðferð matvæla, efla þekkingu á örverum og vexti þeirra í matvælum, persónulegt hreinlæti, ábyrgð á eigin heilsu og innra eftirliti á vinnustaðnum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Verkefnavinna og símat. |
| **Kennarar:** | Marína Sigurgeirsdóttir og fl. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Eftir samkomulagi. |
| **Lengd:** | 4 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 9.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.900 kr.** |

MATREIÐSLUMENN – BAKARAR – FRAMREIÐSLUMENN OG KJÖTIÐNAÐARMENN

## Ostagerð

### Ostar og ostagerð

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á ostagerð og hagnýtum aðferðum við ostagerð. Framleiðsla einstakra ostategunda er skoðuð til að fá tilfinningu fyrir muninum á vinnsluaðferðum á t.d. skyri, brauðosti, gráðaosti og smurostum. Sýnikennsla og verklegar tilraunir gerðar með einfalda framleiðslu. Farið yfir heimaframleiðslu í samanburði við hefðbundna mjólkurvinnslu. Rætt ítarlega um tæki, tól og aðstöðu sem þarf fyrir hverja ostategund. Tími gefinn í umræður um framleiðsluaðstæður og möguleika þátttakenda á heimavinnslu mjólkurafurða. Ostagerðabókin er innifalin í verði.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat. |
| **Kennari:** | Þórarinn Sveinsson. |
| **Staðsetning:** | Hótel- og matvælaskólinn. |
| **Tími:** | Laugardagur 5. mars, kl. 10.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 10 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 26.500 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.300 kr.** |

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA IÐUNNAR

## Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IÐUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á vorönn 2016 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Eins er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

**Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki - það kostar ekki neitt!**

**Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða á netfangið idan@idan.is**



FRAMREIÐSLUMENN

# Vín I

### Víngerð, vínlandafræði, vín og matur

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínum, víngerð og para saman vín og mat. Þjálfuð er hæfni í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum við framreiðslu á vínum. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta og dreifist á fjórar vikur. Hverjum hluta lýkur með námsmati. Að loknum fjórum námskeiðum og námsmati fá þátttakendur skírteini sem staðfestir námslok þeirra. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

### 1. Vínekran og þrúgurnar

Á námskeiðinu er áhersla lögð á að efla þekkingu á vínþrúgum og vínrækt. Fjallað er um vínviðinn og hvernig hann vex, kjörlendi og nýlendur, viðhald og undirbúning. Þekking aukin á einkennum helstu aðalþrúgnanna. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Eitt heimaverkefni (ritgerð, 2-3 síður). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

### 2. Víngerð

Á námskeiðinu er þekking aukin á sögu vínsins og aðferðum við víngerð. Fjallað er um eikartunnu, mikilvægi hennar og áhrif. Þekking aukin á göllum í víni, aukaefnum, ofnæmisvöldum, o.s.frv. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin í tengslum við áherslur námskeiðsins. Eitt heimaverkefni (ritgerð, 2-3 síður). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

### 3. Lönd og héruð

Á námskeiðinu er áhersla lögð á að efla þekkingu á uppruna víns. Fjallað er um mismunandi aðstæður og uppruna þar sem sama þrúgan er ræktuð. Gerð grein fyrir áhrifum jarðvegs, loftslags og víngerðar. Helstu einkenni lands eða héraðs. Fjallað um markaðsvín, vínbóndavín og iðnaðarvín. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin í samhengi við áherslur námskeiðsins. Eitt heimaverkefni (ritgerð um eitt land eða hérað). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

### 4. Vín og matur

Á námskeiðinu er þjálfuð færni við að meta grunnbrögðin, umami, sýru og tannín. Þekking aukin á samræmi á milli víns og matar. Hvað fer saman og hvað ekki? Læra að hugsa út fyrir kassann. Gerð grein fyrir því hvernig eigi að mæla með víni. Vín pöruð með réttum. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun og para saman vín og mat aukin. Lokaverkefni: Krossaspurningar og stutt ritgerð. Eitt vín blindsmakkað. Samtals 5 kennslustundir með lokaverkefni.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Heimaverkefni og lokapróf. |
| **Kennari:** | Dominique Plédel Jónsson. |
| **Staðsetning:** | Hótel Natura. |
| **Tími:** | Mánudagar 1., 8., 15. og 22. febrúar, kl. 14 - 17. |
| **Lengd:** | 16 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 34.800 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **14.500 kr.** |

FRAMREIÐSLUMENN

# Vín II

### Framhaldsnámskeið í vínfræðum

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínum, á víngerð og uppruna og einkennum þeirra. Þjálfuð er hæfni í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum við framreiðslu á vínum. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta sem lýkur með námsmati. Að loknum þremur námskeiðum og námsmati fá þátttakendur skírteini sem staðfestir námslok þeirra. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

31. Að smakka blint er undirstaða þekkingar á vínunum á eigin forsendum. Tilgangurinn er ekki að geta giskað á vínið sem maður smakkar, heldur að tilgreina hvern þátt vínsins þannig að hægt sé að gera sér heildarmynd af því. Þekkja sýruna, tannín, ávöxtinn en líka aldur vínsins, frávik, pörun o.s.frv. Skriflegt og munnlegt. Um sex vín blindsmökkuð. Smá keppni, smakka blint skriflega.

2. Einstök héruð og styrkt vín. Hér eru nokkur héruð tekin fyrir og skoðuð nákvæmlega t.d. Rioja, Alsace, S-Frakkland, Toskana, Sikiley. Verkefnin eru háð úrvali af vínum í ÁTVR. Seinni hluti námskeiðsins verður tileinkaður styrktu vínunum og pörun með mat. Um sex til sjö vín smökkuð. Tvö vín blindsmökkuð. Eitt heimaverkefni (ritgerð, 2-3 síður).

3. Æfingakeppni. Keppni stillt upp með Vínsþjónasamtökunum: skriflegt próf. Tvö vín smökkuð blint skriflega, þjónustuatriði. Tvö létt vín og tvö sterk vínsmökkuð blint munnlega. Boðið upp á óvænt atriði. Dómari frá VSÍ. Skyldumæting. Sá sem fær bestu einkunn í keppninni fær vegleg verðlaun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Heimaverkefni og lokapróf. |
| **Kennari:** | Dominique Pédel Jónsson. |
| **Staðsetning:** | Hótel Natura. |
| **Tími:** | Mánudagur 7., miðvikudagur 9. og miðvikudagur 16. mars, kl. 14.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 14 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 32.800 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.500 kr.** |

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA**

Skráðu þig á póstlista IÐUNNAR fræðslusetur og fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði sem tengjast þínu fagsviði. **www.idan.is/postlisti**




IÐAN Á AKUREYRI 22. - 26. FEBRÚAR 2016

# Fræðsluvika í iðnaði

Vikuna 22. – 26. febrúar sækir IÐAN fræðslusetur Akureyri heim og býður Norðlendingum upp á fjölbreytt úrval af námskeiðum auk þess sem við heimsækjum fyrirtæki á svæðinu.

Fylgstu með framboði námskeiða í boði á vorönn 2016 og þau námskeið sem haldin verða í fræðsluvikunni.

**Nánari upplýsingar á vef IÐUNNAR www.idan.is/akureyri**

IÐAN fræðslusetur




# Málmtækni, vélstjórn og blikksmíði

STARFSMENN VIÐ MÁLMSMÍÐAR

## Málmsuða - grunnur

Eftir þetta námskeið þekkir þú grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi ljósbogasuðu. Þú lærir um meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu og verður fær um að stilla suðuvélar, mæla gasflæði, velja vír fyrir pinna- og MIG/MAG suðu, slípa skaut fyrir TIG suðu, sjóða einfaldar TIG, MIG/MAG og pinnasuður og loks beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Mánudagur 1. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og þriðjudagur 2. febrúar, kl. 8.00 - 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Mánudagur 4. apríl, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 5. apríl, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - PÍPULAGNINGAMENN

## Logsuða

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í logsuðu og meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu. Að því loknu ertu fær um að stilla suðutæki, velja rétt gas og spíssa, meta og mæla gasflæði, sjóða einfaldar suður í plötu og rör (stúfsuðu) ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Mánudaginn 14. mars, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudaginn 15. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Mánudagur 2. maí, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 3. maí, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |



MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

# Pinnasuða

### Fyrir stál

Á námskeiðinu færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í pinnasuðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu og þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu. Með þessa þekkingu í farteskinu verður þú fær um að stilla suðuvélar, sjóða einfaldar pinnasuður (stúfsuður, kverksuður) og beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Miðvikudagur 3. febrúar, kl. 13.00 – 17.00 og fimmtudagur 4. febrúar, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Miðvikudagur 6. apríl, kl. 13.00 – 17.00 og fimmtudagur 7. apríl, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

# Ál og álsuða

Efniseiginleikar áls eru mjög frábrugðnir öðrum málmum og suða einnig. Farið er yfir efnisfræði áls og eiginleika. Fjallað um suðuaðferðir og prófanir á suðum. Fjallað um ýmsa samsetningarmöguleika álhluta. Farið er í meðhöndlun efnis, hreinsun, undirbúning suðu og suðugæði. Í verklega hlutanum er soðið með TIG og MIG-suðuaðferðum. Á námskeiðinu kynnist þú eiginleikum áls og færð innsýn í efnisfræði, ásamt því að fá yfirsýn yfir samsetningarmöguleika áls og gæðakröfur.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Miðvikudagur 16. mars, kl. 13.00 – 17.00 og fimmtudagur 17. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Miðvikudagur 4. maí, kl. 13.00 – 17.00 og föstudagur 6. maí, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

# MIG/MAG suða

### Fyrir stál og ál með massífum og duftfylltum vír

Á námskeiðinu færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í MIG/MAG- suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú færð þekkingu á meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu. Að því loknu ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, sjóða einfaldar MIG/MAG-suður (stúfsuður og kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1**: | Miðvikudagur 2. mars, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 3. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Miðvikudagur 20. apríl, kl. 13.00 – 17.00 og föstudagur 22. apríl, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

# Undirbúningur og stöðumat til vottunar í MAG-suðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í MAG-suðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Kennari metur hvort viðkomandi getur tekið hæfnispróf. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Samkvæmt samkomulagi. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **10.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

# TIG-suða og kynning á plasmasuðu

### Fyrir stál, ryðfrítt stál og ál

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í TIG-suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu og öðlast þekkingu á plasmasuðu. Þar með ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, velja skaut, hulsu og slípað skaut og getur soðið einfaldar TIG- og plasmasuður (stúfsuður, kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | Mánudagur 29. febrúar, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 1. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Námskeið 2:** | Mánudagur 18. apríl, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 19. apríl, kl. 8.00 – 17.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 70.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

# Undirbúningur og stöðumat til vottunar í TIG-suðu

Þjálfun til vottunar / stöðumats í TIG_suðu. Farið verður í efnisval þykkt, fylliefni skamkvæmt IST EN ISO 9606 - 1 og þvermál fyrir hæfnispróf, samkvæmt IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Einnig fær þáttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817, sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

ATH. verðið fyrir að þreyta prófið er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Kennari metur hvort viðkomandi getur tekið hæfnispróf. |
| **Kennari:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Samkvæmt samkomulagi. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 25.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **10.000 kr.** |

Fylgdu okkur á
facebook
# idanfraedslusetur



MÁLMTÆKNIMENN OG VÉLSTJÓRAR

## Undirbúningur og stöðumat til vottunar pinnasuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í TIG-suðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

ATH. verðið fyrir að þreyta prófið er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

**Námsmat:** Kennari metur hvort viðkomandi getur tekið hæfnispróf.
**Kennari:** Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Samkvæmt samkomulagi.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 25.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **10.000 kr.**

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

## Þjálfun til vottunar í logsuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í logsuðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

**Námsmat:** Kennari metur hvort viðkomandi getur tekið hæfnispróf.
**Kennari:** Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Samkvæmt samkomulagi.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 25.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **10.000 kr.**



MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

## Þjálfun til vottunar í álsuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í álsuðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

**Námsmat:** Kennari metur hvort viðkomandi getur tekið hæfnispróf.
**Kennari:** Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Samkvæmt samkomulagi.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** 25.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **10.000 kr.**

MÁLMIÐNAÐARMENN - SUÐUMENN

## Suðuþjálfun í fyrirtækjum

Sérfræðingur IÐUNNAR í málmsuðu mætir í fyrirtæki, metur þekkingu og leikni þátttakenda í þeim suðuaðferðum sem notaðar eru. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur sérfræðingur IÐUNNAR prófið fyrir og kemur prófstykkjum til vottaðs matsaðila.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Samkvæmt samkomuleagi.
**Lengd:** Eftir umfangi.
**Fullt verð:** Eftir umfangi.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **1/3 af fullu verði.**

MÁLMIÐNAÐARMENN - SUÐUMENN

**NÝTT NÁMSKEIÐ**

## Soðið með þjörkum (róbótum)

Sérfræðingar frá Migatronic automation fara yfir nýjustu aðferðir og forritun við suðu með þjörkum. Sjá nánari lýsingu á vef IÐUNNAR (www.idan.is) þegar nær dregur.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennarar:** Starfsmenn Migatronic automation.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Haldið í maí ef næg þátttaka fæst.
**Lengd:** 12 kennslustundir.
**Fullt verð:** **Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.**

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

## Vökvatækni I – virkni vökvakerfa

### Grunnurinn að sérhæfingu í vökvatækni

Með þessu hagnýta námskeiði er markmiðið að þátttakendur geti með öryggi og leikni reiknað samspil flatar, þrýstings og afls, mælt þrýsting, flæði og hita, ásamt því að teikna kerfisteikningar með réttum táknum. Einnig verða sett upp einföld kerfi í vökvabekk eftir hönnun í tölvuhermi og hermirinn loks notaður til að skoða virkni kerfanna.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 25. - 27. janúar, kl. 8.30 – 16.00. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 110.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **50.000 kr.** |

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

## Vökvatækni III – rekstur, viðhald og bilanagreining

### Að þessu námskeiði loknu ertu að verða sjálfbær í glussa

Eftir þetta námskeið ertu fær um að teikna samkvæmt ISO 1219-1 ásamt því að lesa og leiðrétta teikningar, velja rör og „fittings“ miðað við þrýsting og setja upp og tengja slöngur og rör á öruggan hátt. Einnig verður þú fær um að velja réttar síur og síubúnað skv. ISO 4406 og síunarhæfni (βx), meðhöndla og geyma glussa á öruggan hátt og greina orsakir bilana og gera viðeigandi ráðstafanir. Að lokum öðlastu leikni í að innstilla vökvakerfi eftir viðgerðir og setja upp stýrð viðhaldskerfi.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 9. – 11. febrúar, kl. 8.30 – 16.00. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 110.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **50.000 kr.** |

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR – VÉLSTJÓRAR - BIFVÉLAVIRKJAR

## Vökvatækni IV – vinnuvélar

### Sérhæft námskeið um vökvabúnað fartækja s.s. lyftara, krana, búkollur, hefla, traktorsgrafa o.fl.

### Notaður verður sérhæfður búnaður frá FESTO

Að námskeiðinu loknu þekkir þú mikilvæg atriði s.s. hlutfallsstýringar, magnstýringar, kraftstýringar, skaraða og óskaraða loka, forstýriloka, ójafnvægi, fæðingu forstýriloka, lagnir og sérhæfða hluta, efni í vökvakerfum, miðflæðilagnir, stjörnugírinn, stýrisvélar, slöngubrotsloka, sveiflur, titring og hljóð í vökvakerfum ásamt því að læra lagfæringar á þessum hlutum. Einnig verður farið yfir rétt val á olíum og kennt hvernig á að velja rétta loka í vökvakerfi með tilliti til notkunar. Þessa þekkingu munt þú síðan nýta þér á námskeiðinu til þess að auka stimpilhraða, stilla þrýstinema og loks teikna eða prófa „flóknar“ vökvakerfismyndir í FluidSim.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 23. – 25. febrúar, kl. 8.30 – 16.00. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 110.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **50.000 kr.** |

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR – VÉLSTJÓRAR

## Vökvatækni V – hönnun vökvakerfa

### Sérhæft námskeið um vökvabúnað fartækja s.s. lyftara, krana, búkollur, hefla, traktorsgrafa o.fl.

### Notaður verður sérhæfður búnaður frá FESTO

Að námskeiðinu loknu þekkir þú mikilvæg atriði s.s. hlutfallsstýringar, magnstýringar, kraftstýringar, skaraða og óskaraða loka, forstýriloka, ójafnvægi, fæðingu forstýriloka, lagnir og sérhæfða hluta, efni í vökvakerfum, miðflæðilagnir, stjörnugírinn, stýrisvélar, slöngubrotsloka, sveiflur, titring og hljóð í vökvakerfum ásamt því að læra lagfæringar á þessum hlutum. Einnig verður farið yfir rétt val á olíum og kennt hvernig á að velja rétta loka í vökvakerfi með tilliti til notkunar. Þessa þekkingu munt þú síðan nýta þér á námskeiðinu til þess að auka stimpilhraða, stilla þrýstinema og loks teikna eða prófa „flóknar“ vökvakerfismyndir í FluidSim.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 8. – 10. mars, kl. 8.30 – 17.00. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 110.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **50.000 kr.** |

## SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA

Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. **www.idan.is/postlisti**

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Þrýstiloftskerfi (loftstýringar)

**Inntak námskeiðsins er miðað við að viðkomandi einstaklingar geti smíðað kerrur og fylgt öllum reglugerðum þar um.**

Á þessu námskeiði lærir þú um eiginleika lofts og hvernig þeir breytast við aukin þrýsting og breytingar á hitastigi, rakaútfellingar o.fl. Þú lærir um stofnkerfi og lagnir, þrýstiloftstákn og teikningar loftstýrikerfa. Farið verður yfir ýmsa loka og aðra íhluti og skoðuð virkni þeirra. Farið verður yfir tengistykki, slöngur, hvernig efni eru í lögnum og hvar þær henta best. Sérstaklega verður farið yfir stýringar á lokum bæði með lofti og rafmagni. Iðntölvur verða sérstaklega skoðaðar með tilliti til þessa. Tveim þriðju hluta þessa námskeiðs verður varið í að teikna kerfi, leggja þau og fá þau til að virka (verkefni).

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Auglýst síðar.
**Lengd:** 60 kennslustundir.
**Fullt verð:** 100.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **50.000 kr.**

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLSTJÓRAR

## Rennismíði og fræsing

**Það er skortur á CNC mönnum um allan heim í dag**

Hér lærir þú að þekkja vinnsluhætti rennibekkja, bor- og fræsivéla, öryggis- og umgengnisreglur, umhirðu og meðferð úrgangs. Einnig verður farið í helstu uppspenniaðferðir í rennibekk og fræsivél, gerðir og notkunarsvið skurðarverkfæra. Að því loknu verður farið í deilingar í deilivél, hvernig beita skal mælitækjum og muntu í námskeiðslok geta leyst einföld verkefni í rennibekk og fræsivél innan 0,1 mm málvika.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Tilkynnt síðar.
**Staðsetning:** Tilkynnt síðar.
**Tími:** Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
**Lengd:** 36 kennslustundir.
**Fullt verð:** 165.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **45.000 kr.**

Fylgdu okkur á
twitter
# idanfraedsla

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLSTJÓRAR

## CNC stýrðar iðnvélar

**Það er skortur á CNC mönnum um allan heim í dag**

Farið er í virkni hvers konar tölvustýrðra iðnaðarvéla. Kennt er á rennibekk og fræsivél en keyrsla fræsivéla er mjög svipuð keyrslu annarra véla s.s. skurðarvéla, yfirfræsa (trésmíði) og lokka.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Ragnar Þórisson
**Staðsetning:** Í viðkomandi fyrirtæki.
**Tími:** Samkvæmt samkomulagi.
**Lengd:** Eftir umfangi.
**Fullt verð:** Eftir umfangi.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **1/3 af fullu verði.**

STARFSMENN Í MÁLMIÐNAÐARFYRIRTÆKJUM - VÉLSTJÓRAR

## Kerrusmíði (málmsmíði)

**Inntak námskeiðsins er miðað við að viðkomandi einstaklingar geti smíðað kerrur og fylgt öllum reglugerðum þar um.**

Að loknu námskeiðinu þekkir nemandi öryggi á vinnustað í málmiðnaði, mælitæki og öll helstu vélar og tæki í málmiðnaði og getur notað handverkfæri á réttan hátt. Einnig verður farið í spónlausa vinnu, spóntöku, málmskurðaraðferðir, helstu málmsuðuaðferðir, lóðun, skrúfur, bolta og draghnoð og reglur um kerrur og búnað þeirra. Með þessa þekkingu að vopni munu nemendur geta smíðað kerru.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Tilkynnt síðar.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Verður haldið þegar 10 hafa skráð sig.
**Lengd:** 120 kennslustundir.
**Fullt verð:** 250.000 kr.
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **60.000 kr.**

STÁLSMIÐIR – SUÐUMENN – VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

## Legur

Farið verður yfir hinar ýmsu tegundir lega. Til hvers eru legur, hönnun o.fl. Ásetning lega, hvernig tökum við þær af ásum, smurning, ending og skemmdir. Hvaða verkfæri og lausnir eru til við hin ýmsu vandamál varðandi það að skipta um legur.

**Námsmat:** Símat og 80% mæting.
**Kennari:** Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc.
**Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
**Tími:** Sjá www.idan.is
**Lengd:** Tveir dagar.
**Fullt verð:** Sjá www.idan.is
**Verð til aðila IÐUNNAR:** **Sjá www.idan.is.**

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Iðntölvustýringar

Að loknu þessu námskeiði þekkir þú uppbyggingu iðntölvunnar og virkni, táknmyndir, örgjörva, inntanga, útganga, tengingu við loka, skynjara, teljara og rofa, grunnhugtök forritunarmáls og „ladder-forritun". Með þessa þekkingu að vopni getur þú sett upp og tengt iðntölvu við loka, skynjara, teljara og rofa, forritað iðntölvu með ladder-forritun og látið hana stýra aðgerðum ásamt því að framkvæma villuleit í forriti og átta þig á algengum bilunum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðmundur Rúnar Benediktsson, rafmagnsverkfræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | 25. – 28. apríl, kl. 8.30 – 16.00. |
| **Lengd:** | 40 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 200.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **70.000 kr.** |

LOFTRÆSIMENN - BLIKKSMIÐIR

## Efnisfræði málma, óskaðlegar prófanir NDT

NÝTT NÁMSKEIÐ

### Hljóðbylgju, segulagna, flúorsent og litaprófanir

Farið verður í framleiðslu málma og helstu eiginleika. Kornabyggingu og galla, íblöndunarefni og tilgang þeirra. Herslu málma, afglóðun og endurkristöllun. Þá verður farið í prófanir á málmum s.s. röntgen myndun, hljóðbylgjuprófun, sprunguleit með lita- og segulagna-prófun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 80% mæting, símat og þrískipt próf: Almenntur hluti, sérhæfður hluti og verklegt. TIl að standast þarf 80% meðaltal og ekki má vera undir 70% í hverjum hluta fyrir sig |
| **Kennarar:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur, IWE og Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 60 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 200.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **100.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Kælitækni – áfylling á kælikerfi

Að loknu námskeiðinu þekkir þú hvernig kælimiðli er tappað af og bætt á kælikerfi, hvernig smurolíu er tappað af og bætt á kælipressur, innstillingu há- og lágþrýstiliða, hlutverk þurrkara og þurrkaraskipta og grunnatriði bilanaleitar. Með þessa þekkingu að vopni geturðu bætt kælimiðli á kæli- og frystikerfi, skipt um smurolíu, stillt há- og lágþrýstiliða, skipt um þurrkara og leitað bilana í kerfum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Hlöðver Eggertsson, vélfræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 100.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **35.000 kr.** |

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

## Bilanagreining kælikerfa

Á námskeiðinu verður rifjaður upp grunnur kælitækninnar. Fjallað verður um a.m.k 20 mismunandi bilanir í kælikerfum, t.d. óþéttir sogventlar, óþéttir þrýstiventlar, of mikið eimsvalavatn, of lítið eimsvalavatn, vatnslaust frá veitu, stíflaður þurrkari, biluð spóla á segulloka í kæli, óþéttur segulloki í kæli, þensluloki of mikið opinn, þensluloki of lítið opin, uppfrosin eimir eða bilaðar viftur, of lítil áfylling á kerfi og hugsanlega leki, stíflaður eimsvali, óþéttur nálaloki í olíuskilju, of mikið álag (kerfi of lítið), vantar fasa á þjöppu, biluð vindingavörn, bilaður afbræðsluhitari, bilaður lofthitanemi í kæli (rofinn), bilaður innsprautunarnemi í frysti, bilun í sogrörshitanema í frysti. Notast verður við kennslutæki frá Frostmark ehf. sem er með sambyggðum frysti og kæli. Kerfið notar R 404A sem kælimiðil.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Hlöðver Eggertsson, vélfræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 130.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **50.000 kr.** |



MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Varmadælur – virkni, uppsetning, stilling og viðhald

Á námskeiðinu verður fjallað um virkni varmadæla. Skoðaðir verða helstu íhlutir og hlutverk þeirra. Hvernig virkar varmadæla þegar hún er stillt á hita og hvernig virkar hún þegar stillt er á kælingu?

Hvernig er best að setja varmadælur upp og hvar á að staðsetja þær (úti og inni)? Eigum við að láta eina dælu virka á eitt eða fleiri herbergi? Hvernig eru tengingarnar, stærð elementa o.fl. Kynntar verða stillingar á varmadælum. Helstu atriði varðandi viðhald, element og áfyllingu o.fl.

Námskeiðið er bóklegt og verklegt.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Guðlaugur Þór Pálsson, vélfræðingur og framkvæmdastjóri Frostmarks ehf. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 150.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **60.000 kr.** |

LOFTRÆSIMENN - BLIKKSMIÐIR

## Stillingar loftræstikerfa

Að námskeiði loknu verður þú fær um að gera þær mælingar á virkni kerfis sem eru nauðsynlegur grunnur að stillingu þess, stilla loftræsikerfi samkvæmt forskrift og færa mælingar og stillingar inn í stilliskýrslu sem verður hluti af handbók kerfis.

Á námskeiðinu verður m.a. fengist við aðferðir við loftmagns-stillingar, grunnatriði mælinga, hraðamælingar í stokkum, afstæðar mælingar, lekamælingar, loftmagnsstillingar, formúlur og útreikninga og handbækur.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Karl Hákon Karlsson, byggingatæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 200.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **70.000 kr.** |

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Kælitækni - vottun

Vottun til starfa í í kælitækni verður samkvæmt lögum nr. 61 8. apríl 2013, reglugerð 834/2013 og staðlinum IST EN ISO/IEC 1704:2003. Markmið vottunarinnar er að viðkomandi einstaklingar sýni þá þekkingu, færni og leikni sem löggjafinn og ESB setja.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 60 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 200.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **100.000 kr.** |

## Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í vélvirkjun

Á námskeiðinu verður farið slitmælingar, pinnasuðu, mig/mag-suðu, tig-suðu, logsuðu og kveikingu. Einnig verður farið yfir gömul próf.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE og Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Lengd:** | 32 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 30.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

## Öryggismál

**NÝTT NÁMSKEIÐ**

Á þessu námskeiði verður fengist við flest það sem viðkemur öryggi við vinnu á verkstæðum. S.s. gaskútar, handverkfæri, smíðavélar, umgengni o.fl. Þá verður gátlistakerfið ELMERI kynnt.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Auglýst síðar. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 100.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **25.000 kr.** |



HÖNNUÐIR – MÁLMIÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR INVENTOR

# Autodesk Inventor 2016 Essentials – grunnnámskeið

**Inventorinn er framúrskarandi forrit til þrívíðrar hönnunar á gegnheilum módelum og færslu tvívíðra teikninga í þrívíð módel.**

Að loknu þessu hagnýta námskeiði eiga nemendur að þekkja undirstöðuatriði í þrívíðri, tölvustuddri hönnun og getað skissað í forritinu ásamt því að geta sett inn skýringar, efnis- og íhlutalista. Fleiri atriði verða tekin fyrir s.s. hvernig á að stýra hreyfingum samsettra hluta, leiðrétta misfellur, leggja faglegt mat á eigin verk og gera þau þannig úr garði að þau séu nothæf fyrir breiðan hóp samstarfsmanna. Einnig munu nemendur geta valið, mótað og staðsett íhluti í samsetningu og loks búið til teikningar með vörpun, sniði, hlutmyndum og ísómetríu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Finnur Fróðason,<br>framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20<br>eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | 26. og 27. febrúar og 1. og 2. mars,<br>kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 48 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 150.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **70.000 kr.** |

HÖNNUÐIR – MÁLMIÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

# AutoCAD 2016 & AutoCAD LT 2016 - grunnnámskeið

Á þessu námskeiði afla nemendur sér traustrar þekkingar á viðmóti forritsins, skipunum þess og tækni til að skapa, lagfæra og prenta tvívíð verkefni. Auk þess læra þeir grunninn sem er nauðsynlegur til að vinna með AutoCAD í þrívídd. Þar með geta þeir teiknað og málsett einfalda hluti og útbúið snyrtilegar og aðlaðandi teikningar ásamt því að hagnýta þekkingu sína í tvívíðri hönnun við aðstæður á vinnustað.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Finnur Fróðason,<br>framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20<br>eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | 12. 13. og 19. og 20. febrúar,<br>kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 48 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 150.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **70.000 kr.** |

IÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.

HÖNNUÐIR – MÁLMIÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

# AutoCAD Electrical 2016 Essentials (IEC Standard) - grunnur

**Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðuþjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.**

Á þessu úrvalsgóða námskeiði læra nemendur að þekkja þau fjölmörgu tæki og tól sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

Yfirferð/skýringar á uppbyggingu forrits, viðmót, stillingar og uppsetning og stöðlun, verkefnastjórn, rafmagnsteikning, innsetning tákna, aðferðir til breytingar/afritunar, skýrslur, listar og skrár og útlitsmyndir.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurgeir Þorleifsson,<br>rafmagnstæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20<br>eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 5. og miðvikudagur 6. apríl,<br>kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 90.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **45.000 kr.** |

HÖNNUÐIR – MÁLMIÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

# AutoCAD Electrical 2016 Essentials (IEC Standard) – framhald

**Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðuþjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.**

Á þessu úrvalsgóða námskeiði auka nemendur við þau fjölmörgu tæki og tól sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

Gerð raf-tákna og vistun í gagnagrunni, gerð útlits-tákna og vistun í gagnagrunni, skipulag og vistun v/eigin tákna, skipulag tenginúmera í gagnagrunni, notkun og gerð iðntölvu-tákna, einlínuteikningar, P I & D teikningar.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurgeir Þorleifsson,<br>rafmagnstæknifræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20<br>eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | Þriðjudagur, 12. og miðvikudagur<br>13. apríl, kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 90.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **45.000 kr.** |



HÖNNUÐIR – IÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR INVENTOR

# Inventor 2016 „súper módel" (Skeleton Construction)

Súpermódel einkennast af því að passa fullkomlega saman. Það kemur hönnun þín líka til með að gera þegar þú hefur lokið námskeiðinu. Á námskeiðinu lærir þú að vinna með „skynsöm módel" (Intelligent Models) bæði hvað varðar „geómetríu og parameter". Einblínt er á að módelið á að passa 100%. Námskeiðið er fyrir alla sem vinna með Inventor - óháð því hvað verið er að hanna - því súper módel er hægt að nota á öllum stigum. Allir sem hafa þörf fyrir að vinna með nákvæm og flókin módel hafa gagn af námskeiðinu.Kynnt verða „tips og tricks" sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

**Markmið:**

Hér kemurðu til með að vinna með módel sem hafa bæði skírskotun til málma, plasts og timburs. Einnig verður unnið með þunnplötu (Sheet Metal og Frame Generator). Þú munt læra að vinna með yfirborðsmódel, 3D sketch og Solids - allt er tengt. Frá einfaldri línu að síðasta boltagati.

Farið verður í samsetningar röra, plötuefni og grindarhönnun.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | Föstudagur 18. og laugardagur 19. mars, kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 95.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **40.000 kr.** |

HÖNNUÐIR – MÁLMIÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

# Autodesk Revit Architecture 2016 grunnnámskeið „Essentials"

**Vertu fljót(ur) að ná tökum á grunninum í Revit Architecture 2016.**

Á þessu námskeiði er farið í gegnum grunninn í Revit Architecture 2016. Kennt verður það sem þú þarft að vita til að komast af stað, hvernig best er að nota viðmótið, búa til grunnmyndir, bæta við innihaldi í módelið, hvernig á að málsetja og margt fleira.

Þetta er grunnnámskeið fyrir byrjendur en í lokin á nemandinn að vera fær um að búa til minni hús og koma frá sér teikningum. Kynnt verður m.a. hvernig íhlutasafn (families) er búið til.

Kynnt verða „tips og tricks" sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | Símat og 80% mæting. |
| **Kennari:** | Áslaug Elísa Guðmundsdóttir, byggingafræðingur. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| **Tími:** | Laugardagur 2. apríl, kl. 8.30 – 17.30. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 75.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **25.000 kr.** |

IÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.



# Námskeið fyrir alla

Vinsamlegast athugið að á sumum námskeiðum er fjöldi þátttakenda takmarkaður og því þarf að skrá sig tímanlega.

## Að leiða breytingar

NÝTT NÁMSKEIÐ

**Hagnýt ráð fyrir þá sem taka þátt í breytingum**

Á námskeiðinu er farið yfir hefðbundna sýn á breytingastjórnun, rætt er um ástæður þess að þörf verður fyrir breytingar og hvernig leiða á breytingarnar. Sérstök áhersla er lögð á að þátttakendur fái góða innsýn í aðferðir, tæki og tól sem nota má til að leiða breytingar og öðlist innsýn í hvað á að nota á hverjum tímapunkti.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennarar:** | Kristinn Hjálmarsson, MBA og Ragnar Ingibergsson, M.Sc. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | |
| **Lengd:** | 9 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 41.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **25.140 kr.** |

## Byrjaðu í golfi

NÝTT NÁMSKEIÐ

**Í samstafi við Golfsamband Íslands og Hissa**

Á námskeiðinu eru grunnatriðin í golfi kennd með Starting New At Golf (SNAG) golfkennslukerfinu sem hefur slegið í gegn út um allan heim. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga og leikja. Golf er vinsæl íþrótt meðal allra aldurshópa og það er hægt að byrja að spila golf hvenær sem er á lífsleiðinni. Á námskeiðinu verður farið í alla þá grunnþætti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrstu skrefin á golfvellinum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Magnús Birgisson, PGA golfkennari og SNAG master leiðbeinandi. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Mánudagar og miðvikudagur 8., 10. og 15. febrúar, kl. 20.00 - 22.00. |
| **Lengd:** | 9 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 23.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **14.340 kr.** |



## Öflugt sjálfstraust

**„Efnismikið og vel framreitt. Góðar æfingar. Jóhann Ingi er frábær fyrirlesari.“**

Sjálfstraust er undirstaða margra færniþátta, svo sem því hvernig okkur vegnar í samskiptum við aðra, hvernig við setjum markmið, tökum ákvarðanir og vinnum undir álagi. Markmið námskeiðsins er að kenna aðferðir til að efla sjálfstraust og ákveðni og skoðað hvað einkennir einstaklinga með hátt/lágt sjálfsmat. Fjallað er um áhrif hugarfars, viðhorfa og hugsunar á hegðun og líðan, sjálfsstjórn og sjálfsstyrkingu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Mánudagar og miðvikudagur 8., 10. og 15. febrúar, kl. 13.00 - 16.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 36.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **22.140 kr.** |

## Húmor og gleði í samskiptum

**Húmor er nærandi en einnig vandmeðfarinn**

Húmor í öllum sínum fjölbreytileika er viðfangsefnið á þessu námskeiði. Húmor getur gjörbreytt andrúmslofti og aukið til muna ánægju og gleði í samskiptum, hvort sem um er að ræða fjölskyldur, vinnustaði, félagasamtök eða vinahópa. Húmor í daglegum samskiptum auðveldar fólki að takast á við allskonar uppákomur, leysa úr vandamálum og draga úr streitu. Færð hafa verið rök fyrir því að uppbyggilegur húmor, t.d. á vinnustöðum, bæti áþreifanlega líðan starfsfólks, auki starfsánægju og getu. Sköpunargáfa eykst þegar húmor er notaður á jákvæðan hátt.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Edda Björgvinsdóttir, leikkona og MA í menningarstjórnun. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 10. febrúar, kl. 19.00 - 22.00. |
| **Lengd:** | 4,5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 13.100 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **7.860 kr.** |

## Betri fjármál fyrir þig

NÝTT NÁMSKEIÐ

### Einstaklingsmiðuð þjálfun í þínum fjármálum

Markmið námskeiðsins er að aðstoða þátttakendur við að skipuleggja fjármálin og byggja upp sjálfstjórn. Á námskeiðinu er lögð megináhersla á hjálp til sjálfshjálpar í fjármálum. Þátttakendur fara sjálfir yfir stöðu sína og finna sínar eigin raunhæfu lausnir á aðstæðum, setja sér eigin markmið og vinna að þeim í samvinnu og með stuðningi ráðgjafa. Þátttakendur læra skipulag og aga í fjármálum og geta á stuttum tíma séð og upplifað ávinning vinnu sinnar. Vinnubók er innifalin í námskeiðsverði.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Haukur Hilmarsson, ráðgjafi í fjármálahegðun. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 16. febrúar, kl. 19.00 - 22.00 og 8. mars, kl. 18.00 - 19.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 23.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **13.800 kr.** |

## Wordpress

### Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi

Sístækkandi hópur fyrirtækja og einstaklinga reiða sig á WordPress vefumsjónarkerfið til að koma sér, vörum sínum og þjónustu sinni á framfæri á netinu. WordPress vefumsjónarkerfið býður upp á mikinn sveigjanleika og er jafnframt auðvelt í notkun. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum á algengustu stillingar kerfisins þannig að þeir geti sett upp eigin vef og breytt um útlit á vefnum. Farið er í helstu hugtök sem við koma lénum og hýsingarmálum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Valur Þór Gunnarsson, sérfræðingur í rafrænum viðskiptum og vefþróun. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 21. og mánudagur 25. janúar, kl. 08.30 - 12.30. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 38.400 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **23.040 kr.** |

## Verkefnastjórnun – fyrstu skrefin

### Hvað er verkefni og hvernig stýrum við því

Á námskeiðinu er farið í grunninn á verkefnastjórnun sem og hvað verkefnastjórnun er og hvar hún getur nýst. Áhersla er á undirbúning og eftirfylgni verkefna til að tryggja árangur. Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hvernig hægt er að beita verkefnastjórnun á lítil sem stór verkefni.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sveinbjörn Jónsson, verkfræðingur og gæðastjóri hjá Vífilfelli. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 3. febrúar, kl. 14.00 - 18.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 26.300 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **15.780 kr.** |

## Wordpress - framhald

### Hér þarf að hafa góðan grunn

Á námskeiðinu er farið nánar í það hvernig sníða má WordPress vefi frekar að eigin þörfum með því að notast við WordPress viðbætur (e. Plugins). Ætlast er til að nemendur hafi góða grunnþekkingu á WordPress kerfinu.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Valur Þór Gunnarsson, sérfræðingur í rafrænum viðskiptum og vefþróun. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 7. og mánudagur 11. apríl, kl. 15.00 - 19.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 34.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **20.940 kr.** |



## Konfektgerð

### Tilvalið fyrir páskana eða fermingarnar!

Á námskeiðinu búa þátttakendur til nokkrar gerðir af handgerðu konfekti og taka með sér heim. Afslöppuð kvöldstund sem líka er hægt að sérpanta. Tilvalið t.d. fyrir vinahópa eða vinnustaði. Ef um sérnámskeið er að ræða eru fundnar dagsetningar sem henta hverju sinni.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Jón Ingi Ólafsson, matreiðslumaður og konditor. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 2. mars, kl. 18.00 – 22.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 12.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **6.000 kr.** |

## Verkefnastjórnun - verkefnisáætlun

### Hæfni til að leiða verkefni til betri árangurs

Á námskeiðinu er farið yfir helstu hugtök og grunnatriði verkefnastjórnunar. Lögð er áhersla á gerð verkefnisáætlunar sem er grundvöllur að góðri verkefnastjórnun. Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hlutverk verkefnastjórans.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sveinbjörn Jónsson, verkfræðingur og gæðastjóri hjá Vífilfelli. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 31. mars. og föstudagur 8. apríl, kl. 8.30 - 12.30. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 42.900 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **25.740 kr.** |

## Vaktavinna og lýðheilsa

**NÝTT NÁMSKEIÐ**

### Hægt að taka sem heild eða stakar lotur

Áhrif vaktavinnu á lífsgæði og heilsu eru ótvíræð og hafa margar rannsóknir sýnt fram á það. Vaktavinnustörfum hefur fjölgað og það að ganga vaktir því vinnufyrirkomulag fjölda fólks. Til að sporna gegn óæskilegum langtímaáhrifum vaktavinnu á heilsu, líðan og öryggi, hafa aðilar á vinnumarkaði sameinast um fræðslu fyrir starfsmenn sem ganga vaktir og stjórnendur sem skipuleggja þær. Vaktavinna og lýðheilsa er 30 klukkustunda heildstætt nám. Markmið þess er að miðla nýrri þekkingu á vaktstörfum og vaktskrám út frá rannsóknum á heilsu, einstaklingsmun, lífshlutverkum, vinnuumhverfi, félagslegri stöðu og þekkingu á kjarasamningsbundnum réttindum. Fjallað verður um nýjar áherslur í þróun málefna sem tengjast vaktavinnu og þjálfun veitt í skráningu og notkun vaktkerfa. Auk þess verður fjallað um forvarnir sem styðja við persónulega uppbyggingu og lýðheilsufræðileg markmið.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Frá Starfsmennt |
| **Staðsetning:** | Grettisgata 89. |

**Lota 1: Lýðheilsa og vaktir**

Mánudagur 1. febrúar, kl. 10.00 - 16.40 og þriðjudagur 2. febrúar, kl. 9.00 - 15.30

**Lota 2: Umgjörð kjarasamninga**

Mánudagur, 8. febrúar, kl. 10.00 – 16.40.

**Lota 3: Vaktavinnufyrirkomulag og vinnumenning**

Mánudagur 15. febrúar, kl. 10.00 - 17.00.

Þriðjudagur 16. febrúar, kl. 9.00 - 15.30

| | |
|---|---|
| **Lengd:** | 45 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 60.500 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **36.300 kr.** |




# IÐAN í áskrift

*Örfræðsla í upplýsingatækni*

Á vorönn 2016 býður IÐAN fræðslusetur upp á áskrift að stuttum og hagnýtum kennslumyndskeiðum í upplýsingatækni.

Viltu læra enn betur á Office hugbúnaðinn, dýpka þekkingu þína í vefumsjón eða myndvinnslu. Langar þig kannski að kynnast nýjum og gagnlegum þjónustum á Netinu?

Skráðu þig á póstlista IÐUNNAR og uppfærðu þína þekkingu þegar þér hentar. Það kostar ekkert.

www.idan.is/askrift

## Árangursrík framsögn og tjáning

### Aukið þor!

Á námskeiðinu fá þátttakendur æfingu í að flytja mál sitt á markvissan og öruggan hátt frammi fyrir hópi fólks. Fjallað verður um þætti sem gagnlegt er að þjálfa með sér til að ná og halda athygli áheyrenda s.s raddbeitingu, öndun, líkamsstöðu og uppbyggingu og flæði í frásögn.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Þórey Sigþórsdóttir, leikari og raddkennari. |
| **Staðsetning:** | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 18. og þriðjudagur 23. febrúar, kl. 9.00 - 12.00. |
| **Lengd:** | 9 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 27.400 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **16.440 kr.** |

## Ferilskrár og kynningarbréf

### Langar þig í þetta starf? Réttu pappírarnir geta hjálpað!

AFMÆLISNÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum að búa til skilvirka ferilskrá og kynningarbréf. Farið verður í innihald og uppsetningu þannig að útkoman nýtist við atvinnuleit.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Edda Jóhannsdóttir og Erna G. Árnadóttir, náms- og starfsráðgjafar. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 24. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 15.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **Frítt fyrir félagsmenn.** |

## Reiknað endurgjald

### Þetta ætti að vera skyldunámskeið fyrir alla!

Námskeiðið hentar vel öllum þeim sem stunda sjálfstæðan rekstur. Fjallað verður um helstu reglur sem gilda um reiknað endurgjald og hvað það er sem einstaklingar í eigin atvinnurekstri verða að hafa í huga. Þátttakendur fá svör við spurningum eins og t.d. Hvað er verktaki? Hvað er reiknað endurgjald? Hverjir reikna sér endurgjald? Hvernig á að skrifa reikninga? Hvað á ég að borga mér?

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Katrín Helga Reynisdóttir, eigandi Profito bókhaldsstofu. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 2. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 8.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.500 kr.** |

## Virðisaukaskattur

### Ertu með rekstur á eigin kennitölu eða lítið fyrirtæki?

Á námskeiðinu verður gefið greinagott yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir sem varða virðisaukaskatt og fá þátttakendur svör við algengum spurningum sem varða framkvæmdina. Hvað er virðisaukaskattur og af hverju er hann reiknaður? Hvenær má nota innskatt og hvenær ekki? Hvað með rekstur bifreiða og virðisaukaskatt? Hverjir eiga að gera grein fyrir virðisaukaskatti og hverjir eru undanþegnir? Hvenær á að skila virðisauka og hverjar eru lágmarksfjárhæðir.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Katrín Helga Reynisdóttir, eigandi Profito bókhaldsstofu. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 9. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 8.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.500 kr.** |



## Nýtt líf eftir starfslok

### Að mörgu þarf að huga

Á þessu námskeiði verður fjallað um helstu breytingar sem fólk þarf að undirbúa sig undir til að njóta tímabilsins eftir að það lýkur störfum. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsfar, tómstundir áhugamál og félagslíf. Námskeiðið er fjórir morgnar og að því koma ýmsir gestakennarar. Umsjónarmaður er Sigþrúður Guðmundssdóttir, markþjálfi og ráðgjafi og fyrrum mannauðsstjóri.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigþrúður Guðmundsdóttir. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Námskeið 1:** | 19., 26. janúar og 2. og 9. febrúar, kl. 9.00 - 12.00. |
| **Námskeið 2:** | 23. febrúar, 1., 8. og 15. mars, kl. 9.00 – 12.00. |
| **Lengd:** | 18 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 54.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **12.600 kr.** |

## Nýttu iPadinn þinn betur NÝTT NÁMSKEIÐ

### Hvað möguleikar eru þarna? AFMÆLISNÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum að nota iPad spjaldtölvuna á skilvirkan hátt. Farið er yfir grunnstillingar og algeng spjaldtölvuforrit. Hvernig forrit (öpp) eru sótt og hvernig nýta skal spjaldtölvur við upplýsingaleit. Gert er ráð fyrir að þátttakendur komi með eigið tæki.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Ragnheiður Guðmundsdóttir, tölvukennari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Miðvikudagur 17. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| **Lengd:** | 6 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 15.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **Frítt fyrir félagsmenn.** |

## Skyndihjálp

### Hvað gerir þú ef slys ber að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífgunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossinum.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Kennarar frá Rauða Krossi Íslands. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum. |
| **Tími:** | Sjá www.idan.is. |
| **Fullt verð:** | 20.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.000 kr.** |

## Einfaldlega Mailchimp FJARNÁM Í BOÐI

### Vantar þig verkfæri til að halda úti póstlista?

Tölvupóstur er glettilega öflugt markaðstæki og Mailchimp þjónustan er einn besti vettvangurinn sem völ er á til þess að sýsla með póstlista, setja saman póst og senda á skráða notendur. Á þessu námskeiði verða undirstöðuatriði Mailchimp kynnt þátttakendum, allt frá skráningu og póstlistagerð til samsetningar tölvupósti og útsendingar. Einnig verður fjallað um kosti og galla markaðssetningar með beinum tölvupósti og ýmis hagnýt ráð veitt.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurður Fjalar Jónsson, tölvukennari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 4. apríl, 17.00 - 20.00. |
| **Lengd:** | 4,5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 7.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.200 kr.** |

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA IÐUNNAR

## Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IÐUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á vorönn 2016 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Eins er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

**Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki - það kostar ekki neitt!**

**Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða á netfangið idan@idan.is**



## Einfaldlega Trello

### Verkefnastjórnun fyrir alla

NÝTT FJARNÁM Í BOÐI

Trello þjónustan er líklega ein einfaldasta og skilvirkasta netlausnin í dag þegar kemur að verkefnastjórnun. Trello er einstaklega hagnýtt verkfæri sem byggir á sjónrænni stjórnun með töflum til að halda utan um verkefni og framvindu þeirra á einfaldan en markvissan hátt. Trello veitir yfirsýn yfir stöðu verkefna og nýtist vel í bæði stór og lítil verkefni. Trello er aðgengilegt á netinu og er grunnútgáfan endurgjaldslaus.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigurður Fjalar Jónsson, tölvukennari. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Mánudagur 11. apríl, kl. 17.00 - 20.00. |
| **Lengd:** | 4,5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 7.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **4.200 kr.** |

## Að njóta eða þrauka - uppeldi barna

### Hver eru lykilatriðin þannig að barninu þínu líði sem best?

AFMÆLISNÁMSKEIÐ

Foreldrar hafa margvísleg áhrif á börn sín í gegnum uppeldið, heimilisbrag og ekki síst sem fyrirmyndir. Fjallað er um lykilatriði í uppeldi til árangurs, ólíkar uppeldisaðferðir svo sem leiðandi uppeldi, skipandi uppeldi og undanlátssemi í uppeldi. Rætt er um mikilvægi þess að foreldrar setji uppeldið í öndvegi en geti um leið hlúð að sjálfum sér og sambandi sínu (þar sem um pör er að ræða).

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Fimmtudagur 7. apríl, kl. 19.30 - 22.30. |
| **Lengd:** | 4,5 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 8.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **Frítt fyrir félagsmenn.** |

## Nýr stjórnandi – nýjar áskoranir

### Hvað virkar?

Farið er yfir lykilþætti varðandi stjórnun, ólíka stjórnunarstíla og leiðir til að efla sig sem stjórnanda. Sérstaklega er fjallað um endurgjöf, mörk vináttu og stjórnunar, hvatningu, hollustu, leiðir til að vinna með frammistöðu starfsmanna og mikilvægi þess að vera jákvæð fyrirmynd o.fl.

| | |
|---|---|
| **Námsmat:** | 100% mæting. |
| **Kennari:** | Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi. |
| **Staðsetning:** | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| **Tími:** | Þriðjudagur 19. og 26. apríl,<br>kl. 13.00 - 17.00. |
| **Lengd:** | 12 kennslustundir. |
| **Fullt verð:** | 24.000 kr. |
| **Verð til aðila IÐUNNAR:** | **14.400 kr.** |

## Tölvunámskeið

### Námskeiðin eru í samstarfi við Tölvu – og verkfræðiþjónustuna.

Nú stóraukum við framboðið á tölvunámskeiðum til félagsmanna okkar með samningi við Tölvu- og verkfræðiþjónustuna.

**Svona ferðu að:**

- Hafðu samband við okkur hjá IÐUNNI fræðslusetri til að kanna rétt þinn.
- Við skráum þig svo hjá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni á það námskeið sem þú óskar eftir.
- Við sendum þér svo reikning með lægra gjaldi og er afslátturinn 40% af upprunalegu verði.



# Afmælisleikur IÐUNNAR

IÐAN fræðslusetur fagnar 10 ára afmæli í ár og af því tilefni efnum við til skemmtilegs afmælisleiks. Tvisvar í mánuði ætlum við að draga út heppinn þátttakanda af póstlista IÐUNNAR og gefa honum vel valda gjöf.

Allt sem þú þarft að gera er að skrá þig á póstlistann okkar á slóðinni **www.idan.is/askrift.** Núverandi áskrifendur eru að sjálfsögðu þegar með í leiknum.

IÐAN fræðslusetur 10 ára



# Traust og björt framtíðarsýn

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is.
Við hjálpum þér að búa í haginn fyrir framtíðina.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / fax 510 5010 / lifeyrir.is

IÐAN 10 ára
fræðslusetur

Vatnagörðum 20
104 Reykjavík

Sími 590 6400
Fax 590 6401

idan@idan.is
www.idan.is